



Systkinin Pamela Ósk Hjaltadóttir og Hjalti Kristján Hjaltason drógu hvergi af sér við golfæfingar á æfingavellinum Básam undir Grafarholti um kvöldmatarleytið í gærkvöldi. Hinir ungu kylfingar þurftu að reikna með norðanþræsingi sem blés þvert á skotlinuna og gekk það gíska vel. Batnandi veður næstu daga ætti að auðvelda þeim æfingarnar. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

Tannviðgerðum hjá börnum fækkar um tæplega helming

Tannviðgerðum hjá börnum hefur fækkað um tæpan helming og komum barna til tannlækna hefur fjölgað ört eftir að samningur á milli Sjúkratrygginga Íslands og Tannlæknafélags Íslands tók gildi árið 2013. Samningurinn rennur út í lok þessa mánaðar en unnið er að framlengingu samningsins hjá SÍ.

HEILBRIGÐISMÁL Tannviðgerðum hjá börnum hefur fækkað um tæpan helming á síðustu tíu árum á sama tíma og börnum sem fara til tannlækna hefur fjölgað um tæp fjórtán þúsund.

Árið 1999 voru tannviðgerðir hjá börnum 62.108 talsins en tíu árum síðar, árið 2019, voru þær 31.173.

Breytingarnar má rekja til samnings Sjúkratrygginga Íslands (SÍ) og Tannlæknafélags Íslands sem tók gildi árið 2013, en samkvæmt samningnum eru tannlækningar

» Árið 2012 fóru 47.280 börn til tannlækna en í fyrra voru þau 58.209 talsins.

barna greiddar að fullu af SÍ fyrir utan 2.500 króna árlegt komugjald.

Katrín Guðmundsdóttir, framkvæmdastjóri Tannlæknafélags Íslands, segir fjármunum ríkisins vel varið með gerð samningsins. Þá segir

hún forvarnir og bættu tannheilsu barna fjárfestingu til framtíðar. „Fjöldi barna sem fara til tannlækna hefur aukist á sama tíma og hlutfall viðgerða hefur lækkað sem sýnir svart á hvítu að eftir að samningar komust á hefur tannheilsa barna batnað til muna,“ segir hún.

„Mikilvæg staðreynd er sú að mun fleiri börn eru að skila sér til tannlækna í dag þannig að fjárhagsstaða heimilanna er ekki fyrirstaða,“ bætir Katrín við.

Árið 2012 fóru 47.280 börn til

tannlækna en í fyrra voru þau 58.209. Hlutfall barna sem komu til tannlækna og gert var við í árið 2012 var 28,8 prósent en á síðasta ári var hlutfallið 25,8 prósent.

Samningur á milli SÍ og Tannlæknafélags Íslands rennur út 31. janúar næstkomandi. Katrín segir Tannlæknafélagið og SÍ hafa verið í samskiptum varðandi framlengingu samningsins. „Við vitum fyrir vist að unnið er að þessum málum hjá Sjúkratryggingum Íslands,“ segir Katrín. – bđj

Umfjöllunin milljóna virði

VIÐSKIPTI Umfjöllun í erlendum miðlum sem Advania fékk eftir að fyrirtækið dró regnbogafána að hún vegna heimsóknar Mikes Pence, varaforseta Bandaríkjanna, var 100 milljóna virði samkvæmt greiningu. Þetta kemur fram í umfjöllun Markaðarins um aukningu í að fyrirtæki taki afstöðu til samfélagsmála. – þfh

Arðsemin undir kröfu ríkisins

VIÐSKIPTI Arðsemi eigin fjár Íslandsbanka var á fyrstu níu mánuðum síðasta ár allt að fjórum prósentustigum undir kröfu Bankasýslunnar.

Íslandsbanki segist vera að bregðast við stöðunni og stefnir að því að ná arðsemismarkmiðum sínum á næstu tveimur til fjórum árum.


– klfj / sjá Markaðinn

Áfram Ísland!

Kronan mælir með!

KRONAN

Veður



Dregur úr vindi og úrkomu í dag, fyrst austan til. Norðlæg átt, víða 8-13, í kvöld og dálítill el um norðanvert landið, annars þurrt. Híti kringum frostmark.

SJÁ SÍÐU 16



Sveinn Andri Sveinsson.



Ómar R. Valdimarsson.

Taka út nöfn sakborninga

DÓMSTÓLAR Héraðsdómur Reykjaness hættir að birta nöfn sakborninga við þingfestingar mála. Ástæðan er „ónæði frá ákveðnum lögmanni“, að sögn Sveins Andra Sveinssonar hæstaréttarlögmanns. Umræddur lögmaður hringi í alla sem koma fyrir í dagskrá réttarins til að bjóða sig fram sem verjanda.

„Ég færi viðkomandi engar þakkir frá okkur kollegum hans fyrir þetta óhagræði sem hann veldur,“ skrifar Sveinn Andri á Facebook.

Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins er Ómar R. Valdimarsson umræddur lögmaður. Ómar vildi lítið tjá sig um málið og kannaðist ekki við kvartanir varðandi sig. Hins vegar væri hvorki óalgengt né óeðlilegt að bjóða fólki sem sætir ákærri þjónustu. Hann hefði aðeins samband við sakborninga sem séu ekki skráðir með verjanda.

Fréttablaðið hefur rætt við nokkra lögmennt sem segja framferði Ómars gera þeim erfitt fyrir. Kvartanir hafi verið lagðar fram vegna hans.

Berglind Svavarsdóttir, formaður Lögmannafélags Íslands, staðfesti að kvartanir hefðu borist en vildi ekki upplýsa hvort þær tengdust vinnubrögðum Ómars.

„Ég get ekki tjáð mig frekar um það,“ sagði hún.

Þá staðfesti Jenný Jónsdóttir, skrifstofustjóri Héraðsdóms Reykjaness, að nöfn sakborninga yrðu ekki lengur birt á dagskrá dómstólsins. Hún hafði þó ekki upplýsingar um hvers vegna ákvörðunin var tekin. – fbl, sks

Hlé á veðurviðvörðunum



Veðurviðvaranir voru fyrir landið allt í gær með norðanstormi og hríð. Esjan skýldi íbúum í Reykjavík ágætlega en sjór gekk yfir ferðamenn á göngu við Sæbraut. Um miðjan dag í dag má gera ráð fyrir að engar viðvaranir verði í gildi á landinu, öllum til léttis. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Manntjón í sprengingu í Tarragona

SPÁNN Að minnsta kosti einn lést og sex eru alvarlega slasaðir eftir kraftmikla sprengingu í efnaverksmiðju í hafnarborginni Tarragona, rétt sunnan við Barcelona í Katalóníu á Spáni.

Að sögn spænskra fjölmiðla varð sprengingin í verksmiðjuhverfi klukkan hálf sjö í gærkvöldi að staðartíma. Tveir af þeim sex sem eru slasaðir voru með mjög alvarleg brunasár. Sá sem lést virðist hafa látist eftir að bygging hrundi í Torreforta-hverfinu, sennilega vegna höggbylgju.

Er Fréttablaðið fór í prentun í gær voru slökkviliðsmenn og lögregla á svæðinu að reyna að slökkva eldinn. Þá var búið að útiloka að eiturefni hefðu borist út í andrúmsloftið samkvæmt fréttum spænskra fjölmiðla. – ilk

Íhuga næstu skref í leit að hinu heilaga grali

Í sjónvarpsþáttunum vinsælu Vikings er eitt atriði líklega tilvísun í kenningar um að hinn heilagi kaleikur úr frumkristni sé falinn hérlandis upp á Kili. Leit að fjársjóðnum hefur staðið yfir síðan árið 2004 og mun hvergi nærri lokið.


FJÁRSJÓDSLEIT Sjónvarpsþættirnir Vikings njóta mikilla vinsælda um allan heim. Þar er fylgst með ævintýrum Ragnars loðbrókar og annarra persóna sem lesendur Íslendingasagna kannast vel við. Sagnfræðin í þáttunum er kannski ekki alltaf hárnákvæm en engu að síður hefur umgjörð þáttanna fengið mikið lof. Það er History Channel sem framleiðir þættina, en nýlega urðu fyrstu fimm þáttaraddirnar aðgengilegar á streymisveitunni Netflix en sú sjötta var frumsýnd í lok síðasta árs.

Undir lok fimmtu þáttaradar á sér stað atriði þar sem ein aðalpersónan rannsakar helli og finnur þar kristileg tákni og ýmsa muni. Hafa erlendir miðlar haldið því fram að atriðið sé tilvísun í áralanga leit ítalska dulmálssérfræðingsins Giancarlo Gianazza og íslenskra samverkamanna hans að hinu godsagnakennda heilaga grali en Gianazza er sannfærður um að fjársjóðinum hafi verið komið fyrir hér á landi.

Talsvert hefur verið fjallað um leit Gianazza í íslenskum fjölmiðlum undanfarnin ár. Hann telur sig hafa fundið margs konar vísbendingar, meðal annars í Hinum guðdómlega gleðileik Dante Alighieri frá 13. öld, sem benda til þess að miklum leyndardómi hafi verið komið fyrir í felum á Íslandi, nánar tiltekið uppi á Kili.

Meðal annars telur Gianazza að vísbendingar sé að finna í Sturlungu en þar segir frá hópi áttatíu „austmanna“ alskjaldaðra, sem hafi komið til Þingvalla árið 1217 í fylgd með Snorra Sturlusyni. Telur Gianazza að þarna sé verið að vísa í hóp musterisríðdara sem hafi komið hingað til lands til þess að fela einhvers konar leyndardóm.

Þórarinn Þórarinnsson arkitekt



Leitin að hinu heilaga grali er tengd vísbendingum í Síðustu kvöldmál-tíðinni, málverkinu frá italska listamanninum Leonardo Da Vinci.

Þessar kenningar Giancarlo eru allra athygliverðar og það er okkar mati augljóst að það er tenging milli þessa verks og Íslands.

Þórarinn Þórarinnsson, arkitekt



er einn þeirra Íslendinga sem hafa aðstoðað Gianazza undanfarnin ár við að leitina að hinu heilaga grali. Hann segir að leitinni sé hvergi nærri hætt en að ekki hafi verið skipulagður formlegur leiðangur í rúm tvö ár. „Við höfum farið styttri ferðir upp á Kjöl en enga formlega leiðangra,“ segir Þórarinn. Að hans sögn liggja leiðangursmenn undir

feldi, skoða gögn og vísbendingar gaumgæfilega og íhuga næstu skref.

Audheyrnt er að tilvísun hinna vinsælu sjónvarpsþátta kemur Þórarinn ekki á óvart. „Þessar kenningar Giancarlo eru allrar athygli verðar og það er að okkar mati augljóst að það er tenging milli þessa verks og Íslands. Vandamálið er kannski helst það að við vitum ekki að hverju við erum að leita. Það hefur aldrei verið skilgreint hvað hið heilaga gral er og það þarf ekkert að vera að um efnislegan fjársjóð sé að ræða,“ segir Þórarinn.

Bendir hann á að kenningarnar hafi hlotið talsverða athygli víða um heim. „Það hefur talsvert verið fjallað um þessa leit okkar í erlendum miðlum. Meðal annars slóst ítalskt sjónvarpsteymi í hópinn fyrir nokkrum árum og gerði ítarlega umfjöllun um kenningar Giancarlo,“ segir Þórarinn. bjornth@frettabladid.is



FLUTNINGUR Á SKÍÐABÚNAÐI INNIFALINN

Flug MADONNA Á ÍTALÍU

18. - 25. JANÚAR
VERÐ FRÁ 69.900 KR.
FLUG BÁÐAR LEIÐIR TIL MADONNA

NÁNAR Í SÍMA 585 4000 EÐA Á UU.IS

NÁNAR Í SÍMA 585 4000 EÐA Á UU.IS

JANÚARTILBOÐ

Pú getur stólað á gæðin

20%
AFSLÁTTUR



Burðarþol: 125kg – 2 mótórar

Stand-Up / rafhækkanleg skrifborð

Tilboðsverð: 69.900 kr.

Verð áður: 87.375 kr.

Gæðaprófaðar borðplötur úr harðplasti
(einnig fánlegar spónlagðar)



Stjórnborð

- Minnisstilling fyrir 3 hæðir
- Áminning um að standa upp
- Hæðarstilling: 62,5 – 127,5 cm

27%
AFSLÁTTUR



ID Mesh / Antonio Citterio, 2010/2016

Tilboðsverð: 99.900 kr.

Verð áður: 136.849 kr.

28%
AFSLÁTTUR



Ventilo skrifborðsstóll

Tilboðsverð: 56.900 kr.

Verð áður: 79.900 kr.

20%
AFSLÁTTUR



Dencon / rafhækkanleg skrifborð

Verð frá: 114.900 kr.

Verð áður frá: 143.738 kr.

20%
AFSLÁTTUR



Cosm / Herman Miller / Studio 7.5

Tilboðsverð: 239.900 kr.

Verð áður: 299.875 kr.

12 ÁRA ÁBYRGÐ

5 ÁRA ÁBYRGÐ

Opið virka daga 8:00–18:00
husgogn@penninn.is
www.penninn.is

Skeifunni 10, Reykjavík
Hafnarstræti 91–93, Akureyri
Hafnarstræti 2, Ísafirði

VALITOR
Við bjóðum upp á raðgreiðslur

PENNINN
Húsgögn

Móðirin í Torrevieja kveðst hafa sagt dómáranum sannleikann

LÖGREGLUMÁL „Ég mætti í dóm-salinn klukkan tíu en réttarhaldið tafðist og ég stóð ekki fyrir framan dómara fyrr en á milli klukkan eitt og tvö í dag. Þar rakti ég atburðarásina og hvernig sonur minn braust inn í íbúðina sturlaður vegna fíkniefnaneyslu og myrti sambýlismann minn.“

Þetta segir Kristín Guðmundsdóttir, móðir Guðmundar Freys Magnússonar sem ákærður er fyrir að myrða sambýlismann móður sinnar í bænum Torrevieja á Spáni.

Það er ekki hægt með nokkru móti að verja þennan hrylling.

Kristín Guðmundsdóttir, móðir Guðmundar Freys Magnússonar

„Ég sagði dómáranum frá því að hann hafði brotið sér leið inn og það voru dyr sem skildu okkur að. Í þeim var hert tvöfalt gler. Hann tók 14 kílóa gaskút og grytiti honum af

sliku afli að glerið splundraðist. Hann kom æðandi inn með hnifinn í áttina að okkur og minnstu munaði að ég yrði á milli. Hann stakk síðan sambýlismann minn ítrekað með vopninu. Sonur minn sem hefur verið í neyslu í mörg ár var sturlaður af fíkniefnaneyslu og hefur verið það í mörg ár. Í slíku ástandi er sonur minn óþekkjalegur og eitrið kallar fram illskuna.“

Kristín lýsti fyrir dómáranum að Guðmundur hefði næst tekið lykka að sportbil sem þau höfðu til

umráða. Hann komst ekki burt á bilnum þar sem hlið við húsið var lokað. Þegar hann fór að reyna opna hliðið stókk Kristín út, tók lykilinn úr bilnum og læsti. Aðspurð hvort hún hafi ekki óttast um líf sitt á þessari stundu kveðst hún hafa verið logandi hrædd en í raun sama þó að hún myndi einnig láta lífið.

„Þegar sjúkraliðar komu á vettvang og voru að huga að sambýlismanni mínum fannst mér gaskúturinn vera fyrir. Ég færði hann því út í garð. Kannski þess vegna dró lög-

reglan þá ályktun fyrst að til átaka eða það hafi verið framburður sonar míns. Það voru engin átök, sambýlismaður minn var myrtur með köldu blóði.“

Kristín segir að frammi fyrir dómáranum hafi hún engu ástæðu séð til að draga úr verknaði sonar síns. „Það er ekki hægt með nokkru móti að verja þennan hrylling. Ég og sambýlismaður minn höfðum átt yndislegt ástríkt samband í tvö ár og elskuðum hvort annað. Ég vona bara að ég fái að kveðja hann.“ – **kkk**



FRÉTTABLAÐIÐ.IS

1 Harmleikurinn í Torrevieja: Kona hins látna segir sorgina óbærilega Maðurinn sem er í haldi lögreglunnar á Spáni grunaður um að hafa orðið sambýlismanni móður sinnar að bana í borginni Torrevieja heitir Guðmundur Freyr Magnússon.

2 Strætó endaði úti í Reykjavíkuvíkurtjörn Betur fór en á horfðist í gærkvöldi þegar strætisvagn endaði úti í Reykjavíkuvíkurtjörn í roki og hállu.

3 Heilbrigðisráðherra vill ekki að lækna tali um neyðarástand Svandís Svavarsdóttir heilbrigðisráðherra fundaði með lækna ráði í gær þar sem hún biðlaði til lækna að hætta að tala Landspítalann niður.

4 William tjáir sig um Harry: „Við erum aðskildir“ William Bretaprins segist ekki lengur geta stutt við bakið á bróður sínum, Harry prins, líkt og áður vegna fyrirhugaðrar breytingu á stöðu hans.

Allar nýjustu fréttir og blað dagsins eru fánleg á www.frettabladid.is

FRÉTTABLAÐIÐ

Fáðu fréttablað dagsins í tölvupósti kl. 3.00 á morgnana. Skráðu þig á póstlista blaðsins á www.frettabladid.is#nyskraning Það kostar ekkert.

Ástandið ekki verra í áratugi

Læknir sem unnið hefur á bráðamóttöku Landspítalans í áratugi segir ástandið á deildinni aldrei hafa verið verra. Staðan var rædd á fundi velferðarnefndar.

HEILBRIGÐISMÁL „Ég hef aldrei séð það svartara,“ segir Vilhjálmur Ari Arason, sérfræðingur á bráðamóttöku Landspítalans til fjögurra áratuga. „Þetta er ekki gamla, góða slysó lengur. Gangarnir eru fullir af veiku fólki á venjulegum degi, það er við svona aðstæður sem alvarleg mistök eiga sér stað.“

Málefni bráðamóttökunnar hafa verið í hámmæli síðustu daga eftir að greint var frá því að maður lést skömmu eftir að hafa verið sendur heim af bráðamóttökunni vegna álags. Í síðustu viku sendu vaktstjórar hjúkrunar á deildinni áskorun til heilbrigðisráðherra, Alþingis og stjórnar Landspítalans um að finna lausn á vanda deildarinnar.

Velferðarnefnd Alþingis fundaði um stöðuna í heilbrigðiskerfinu í gær. Á fundinn mættu Páll Matthíasson, forstjóri Landspítalans, ásamt öðrum starfsmönnum spítalans, þar á meðal Ebbu Margréti Magnúsdóttur, formanni lækna-ráðs. Helga Vala Helgadóttir, formaður nefndarinnar, er ánægð með fundinn. „Það var gagnlegt að heyra tillögur frá starfsfólki um hvað sé hægt að gera, það er mjög gagnlegt,“ segir Helga Vala. „Vandinn er bráðamóttökuvandi, þetta er vandi heilbrigðiskerfisins. Heilbrigðiskerfið er vanfjármagnað, með þá vitneskju þurfum við að leita allra leiða til að bregðast við. Þau eru með lausn á því, við þurfum að fjármagna lausnirnar. Það er hægt að bregðast við



Páll Matthíasson, forstjóri Landspítalans, mætti á fund velferðarnefndar Alþingis í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Það er við svona aðstæður sem alvarleg mistök eiga sér stað.

Vilhjálmur Ari Arason, sérfræðingur á bráðamóttöku



án mikils tilkostnaðar. Við þurfum ekki að biða í áratug. Það þótti mér gagnlegt við þennan fund.“ Í dag mun svo nefndin funda með fulltrúum annarra heilbrigðisstofnana þar sem kannað verður hvort þar sé rými til að taka við verkefnum.

Vilhjálmur Ari segir sárt að horfa upp á ástandið versna ár frá ári. „Við sjáum fram á að þurfa að minnka almenna slysa- og bráðabjónustu fyrir almenning, barnafolk og eldri borgara. Auðvitað hefur oft verið álag, en ekki viðvarandi tappi í kerfinu eins og nú er með fráflæðis-

vandann. Í dag erum við mikið að sinna langveiku fólki á bráðamóttökunni, jafnvel svo dögum skiptir á göngunum sem kemst hvorki lönd né strönd,“ segir Vilhjálmur.

Samt sem áður hafi deildinni tekist að tækla erfið mál. „Þegar það varð alvarlegt rútuslys 2016 var bilageymslunni breytt í greiningarstöð og í svinaflensufaraldrinum um árið í sjúkraudeild. Vandinn er líka sá að langvarandi álag er slíkt að erfiðara er að fá vel hæft starfsfólk til starfa við slíkar aðstæður.“ **arib@frettabladid.is**

Bragfræði og vísnaverð Viltu læra að yrkja vísur?



Námskeið í bragfræði og vísnaverð verður haldið helgina **18. og 19. janúar**. Kennnd verða undirstöðuatriði í vísnaverð og farið yfir helstu bragarhætti. Sérstök áhersla á límrugerð.

Staður: Foldaskóli, Logafold 1.

Tími: Kl. 13:00 til 16:00 laugardag og sunnudag.

Námskeiðið kostar kr. 18.000. Inni-falin í verðinu er áframhaldandi leiðsögn gegnum netið fyrir þá sem vilja halda áfram að æfa sig.

Umsjón og kennsla: Ragnar Ingi Aðalsteinsson, ria@hi.is – 895 8697/567 1887

Vill að Big Ben hringi Brexit inn

BRETLAND Boris Johnson, forsætisráðherra Bretlands, stakk upp á því á breska þinginu í gær að hópfjármögnun yrði notuð til að tryggja að Big Ben hringi þegar Brexit gengur í garð þann 31. janúar næstkomandi.

Vegna viðgerða á turninum fræga í Westminster, þar sem þingið hefur aðsetur, hefur bjöllunni, sem vegur tæp 14 tonn, ekki verið hringt síðan 2017 nema í undantekningartilvikum. Til þess að hægt verði að hringja henni nú þarf að setja upp bráðabirgðagólf í turninum auk þess sem setja þarf nýjan kólf í bjölluna.

Kostnaður við framkvæmdirnar auk kostnaðar vegna tafa á viðgerðum turnsins gæti numið allt að hálfri milljón punda eða sem jafngildir um 80 milljónum króna. Breytingartillaga við Brexit-frumvarp Johnsons sem hefði tryggt að bjallan hljómaði komst ekki á dagskrá þingsins.



Bjallan í turninum fræga, Big Ben, vegur fjórtán tonn. NORDICPHOTOS/GETTY

Forseti neðri deildar þingsins segir að kostnaðurinn sé ómikill til að réttlæta verkefnið. Hver bjölluhringing myndi kosta um 50 þúsund pund og hafa verði í huga að fáir myndu heyra hringingarnar. Paul Kembery, sérfræðingur í

klukkuvíðgerðum, segir í samtali við BBC að tíminn sem sé til stefnu dugi líklega ekki til að koma bjöllunni í stand þótt fjármagn fái. Brexit mun formlega taka gildi klukkan ellefu að kvöldi föstudaginn 31. janúar. – **sar**



SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT
ÍSLANDS

UNGIR EINLEIKARAR

16. JANÚAR
19:30

Á hverju ári fer fram keppni ungra einleikara sem Sinfóníuhljómsveit Íslands stendur fyrir í samvinnu við Listaháskóla Íslands. Fjórir ungir einleikarar báru sigur úr bítum í keppninni í ár og stíga nú á stóra sviðið með Sinfóníuhljómsveit Íslands á tónleikum í Eldborg. Óhætt er að segja að mikil eftirvænting ríki í aðdraganda tónleikanna og verður spennandi að sjá þessa ungu og upprennandi tónlistarmenn taka sín fyrstu skref inn í heim atvinnumenskunnar.

Námsmenn geta nú þegar tryggt sér miða á 1.800 kr. gegn framvísun Skólakorts Sinfóníunnar í miðasölu Hörpu.

Anna-Maria Helsing hljómsveitarstjóri

Kristín Ýr Jónsdóttir þverflauta

Sólveig Vaka Eypórsdóttir fiðla

Flemming Viðar Valmundsson harmóníka

Gunnar Kristinn Óskarsson trompet

Jacques Ibert
Flautukonsert

Max Bruch
Fiðlukonsert nr. 1

Arne Nordheim
Spur, harmóníkukonsert

Alexander Arutiunian
Trompetkonsert í As-dúr


TRYGGÐU ÞÉR SÆTI **SINFONIA.IS**

Miðasala í Hörpu
sinfonia.is
harpa.is
528 50 50



LISTAHÁSKÓLI ÍSLANDS
Iceland University of the Arts

Aðalstyrktaraðili :
GAMMA



Fleiri konur leggjast inn á spítala á Íslandi en karlar. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

Dvelja tæpa viku á spítala

HEILBRIGÐISMÁL Hver íslenskur sjúklingur dvelur að meðaltali 6,5 daga eftir innlögn á spítala. Kemur þetta fram hjá Eurostat, tölfræðistofnun Evrópusambandsins. Er þetta vel undir meðaltali Evrópusambandsríkja en hærra en hjá flestum Norðurlandþjóðum.

» Karlar dvelja rúmum sólarhring lengur en konur en fleiri konur leggjast inn.

Fæstar nætur dvelja hollenskir sjúklingar á spítölum, 4,5, en ekki langt þar á eftir koma Norðmenn, Svíar og Danir. Finnar eru einu sjúklingarnir sem dvelja lengur en þeir íslensku á spítölum. Lengst dvelja Ungverjar á spítölum, 9,8 nætur að meðaltali en þar á eftir koma margar af stórþjóðunum, svo sem Frakkar, Þjóðverjar og Ítalir.

Þegar íslensku tölurnar eru greindar eftir kyni kemur fram að karlar dvelja rúmum sólarhring lengur en konur, eða 7,3 nætur á móti sex. Fleiri konur leggjast hins vegar inn en karlar. – khg

Atkvæðagreiðsla fer fram í dag



Nancy Pelosi, leiðtogi Demókrataflokkans í fulltrúadeild Bandaríkjaþings, tilkynnti á fundi flokkans í Washington í gær að atkvæðagreiðsla um það hverjir innan flokkans munu flytja mál um meint embættisbrot Bandaríkjaforseta fyrir þeirra hönd, fari fram í dag. Pelosi hefur vikum saman neitað að halda atkvæðagreiðsluna en að henni lokinni er málið alfarið komið í hendur öldungadeildar þingsins. NORDICPHOTOS/GETTY



Æskulýðs- sjóður

Umsóknarfrestur er 17. febrúar 2020

Rannís auglýsir eftir umsóknum um styrki úr Æskulýðssjóði til verkefna sem tengjast tilgangi sjóðsins. Hlutverk sjóðsins er að styrkja verkefni á vegum æskulýðsfélaga og æskulýðssamtaka.

Æskulýðssjóður auglýsir eftir umsóknum um styrki tvisvar sinnum á ári, 17. febrúar og 15. október.

Umsóknareyðublöð og leiðbeiningar er að finna á: www.rannis.is/sjodir/aesku-ithrotta/aeskulydssjodur/.

Umsóknum skal skila á rafrænu formi fyrir kl. 16:00 mánudaginn 17. febrúar.

Nánari upplýsingar veitir
Andrés Pétursson
andres.petursson@rannis.is



Met í fjölda sem sætir gæsluvarðhaldi á dag

Fjöldi þeirra sem sæta gæsluvarðhaldi að meðaltali á dag eykst frá ári til árs. Meðalfjöldi hefur þrefaldast á nokkrum árum. Reglubundið eftirlit Umboðsmanns Alþingis með gæslu- og einangrunarvist stendur nú yfir á Hólmsheiði.

LÖGREGLUMÁL Þrjátíu manns sátu í gæsluvarðhaldi á dag að meðaltali í fyrra sem er metfjöldi á undanförunum tíu árum. Þetta sýna tölur sem Fréttablaðið aflaði hjá Fangelsismálastofnun.


Fjöldinn hefur farið stigvaxandi frá árinu 2014 þegar ellefu sátu í gæsluvarðhaldi að meðaltali á dag. Árin þar á undan rokkaði fjöldinn upp og niður og var mestur 2012 þegar meðaltalsfjöldi í gæsluvarðhaldi var 21,6.

Um heildarfjölda sem úrskurðaður er í gæsluvarðhald er að ræða, en auk vistunar í fangelsi kemur fyrir að gæsluvarðhaldsfangar séu vistaðir á sjúkrastofnunum eða á vegum Barnaverndarstofnu þegar um ungmenni undir lögaldri er að ræða.

Fréttablaðið fjallaði um gríðarlega fjölgun í úrskurðum um gæsluvarðhald í mars í fyrra. Í fréttinni kom fram að gæsluvarðhaldsúrskurðum hefði fjölgað gríðarlega á undanförunum árum án þess að innkomnum ákærumálum eða sakamálum í rannsókn hefði fjölgað.

Þeim sem Fréttablaðið ræddi við bar saman um að óvenjumörg þung mál hefðu verið til rannsóknar á árinu 2018 sem skýrt gæti fjölgun gæsluvarðhaldsúrskurða að einhverju leyti, meðal annars vegna mála þar sem hópar manna höfðu stöðu sakborninga.

Meðalfjöldi í gæsluvarðhaldi á dag



Fréttablaðið óskaði eftir upplýsingum um fjölda gæsluvarðhaldsúrskurða fyrir árið 2019 en þær liggja ekki enn fyrir hjá Dómstólasýslunni.

Í gær hófst regluleg eftirlitsheimsókn Umboðsmanns og starfsfólks hans í fangelsið á Hólmsheiði í Reykjavík. Að þessu sinni eru skoðaðar aðstæður fólks þar sem sætir gæsluvarðhaldi, bæði í einangrun og lausagæslu.

Um er að ræða svokallað OPCAT-eftirlit sem fer fram á grundvelli Samnings Sameinuðu þjóðanna gegn pyndingum. Hjá Umboðsmanni starfar sérstök nefnd sem sinnir eftirliti á grundvelli sam-

ingsins með aðstæðum fólks sem hefur verið svipt frelsi sínu.

Umboðsmaður Alþingis tók við þessu hlutverki eftir að íslenska ríkið fullgilti sérstaka bókun við pyndingasamninginn og hefur nefndin farið í heimsóknir á fjórar stofnanir sem vista frelsissvipta og er heimsóknin á Hólmsheiði sú fimmta.

Í heimsóknunum er lögð áhersla á trúnaðarsamtöl við vistmenn og starfsfólk auk athugunar á aðbúnaði og starfsháttum. Eftirlitið lýtur meðal annars að hugsanlegum þvingunum og öryggisráðstöfunum auk skráningar á ýmsum atriðum. adalheidur@frettabladid.is

JANÚAR UTSALA

VERÐDÆMI

KRONOTEX HARÐPARKET

8 mm AC4 VERÐ FRÁ 1.490 KR. m²

10 mm AC5 VERÐ FRÁ 2.590 KR. m²

KÄHRS VIÐARPARKET

3JA STAFA VERÐ FRÁ 4.190 KR. m²

VÍNYLPARKET VERÐ FRÁ 3.990 KR. m²

VEGG- & GÓLFFLÍSAM

30x60 cm VERÐ FRÁ 3.990 KR. m²

RINGO INNIHURDIR

HURÐ OG KARMUR HVÍTLAKKAÐ

VERÐ FRÁ 29.990 KR.

40% AFSLÁTTUR AF ÖLLUM FYLGIEFNUM

Birgisson[®]

Fimm ára stúlka í Þýskalandi fékk ekki að fara út undir bert loft

ÞÝSKALAND Rannsókn er hafin hjá saksóknara í máli fimm ára stúlku sem tekin var af foreldrum sínum í bænum Eberswalde norðan við höfuðborgina Berlín þann 20. desember síðastliðinn. Stúlkan var alvarlega vanrækt og var flutt á spítala. Tvö eldri systkini hennar voru einnig fjarlægð af heimilinu.

„Stúlkan fékk ekki þá umönnun og ást sem hún þarfnæðist frá foreldrum sínum,“ sagði Daniel Kurth hjá félagsþjónustu sveitarfélagsins Barnim.

Rannsóknin hefur þegar leitt í ljós að stúlkan hafi ekki farið út

Stúlkan fékk ekki þá umönnun og ást sem hún þarfnæðist frá foreldrum sínum.

Daniel Kurth hjá félagsþjónustu Barnim

fyrir hússins dyr í nokkur ár og í að minnsta kosti tvö ár hafi hún þurft að bjarga sér algerlega sjálf. Vanrækslan er mjög áþreifanleg og er stúlkan langt á eftir jafnöldrum

sínum bæði í líkamlegum og andlegum þroska. Ekkert hefur komið fram sem bendir til þess að systkini hennar hafi hlotið sömu vanrækslu.

Stúlkan hefur þegar verið útskrifuð af spítalanum og er nú í umsjá fylkisins.

Málið hefur vakið mikla reiði í Þýskalandi og kveikt spurningar um áreiðanleika barnaverndarkerfisins sem hafði fylgst með fjölskyldunni í meira en tvö ár. Gagnrýnt er að engar viðvörunarþjöllur hafi farið af stað í svo langan tíma og að barnaverndarnefnd hafi ekki tilkynnt lögreglu um málið. – khg



Daniel Kurth og Yvonne Dankert sitja fyrir svörum. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

Kerfið leggur áherslu á magn fremur en gæði

MENNTAMÁL Grænbók um fjárveitingar til háskóla hefur verið birt í samráðsgátt stjórnvalda. Þar er farið yfir núverandi fjármögnunarkerfi og þá valkosti sem eru í boði við hönnun á nýju kerfi sem og helstu áskoranir háskólakerfisins.

Verkefnið er liður í stefnu- og aðgerðaáætlun Vísinda- og tækniráðs 2017-2019 þar sem segir að endurskoða skuli reglur um fjárveitingar til háskóla. Í skýrslunni kemur fram að þrjár meginleiðir séu til að deila fé milli háskóla.

Í fyrsta lagi sé hægt að gera það eftir árangursmælikvörðum, í öðru lagi með föstum fjárveitingum og í þriðja lagi með því að fjármagna ákveðin verkefni beint. Núverandi kerfi byggir á reiknilíkani þar sem fjárveitingar fylgja nemendum.

„Þegar reiknilíkani háskóla var innleitt á sínum tíma var áhersla stjórnvalda fyrst og fremst að efla háskólakerfið, stækka það og fjölga háskólamenntuðum hér á landi,“ segir Lilja Alfreðsdóttir, mennta- og menningarmálaráðherra.

„Hvatarnir í því reiknilíkani eru í takt við þau markmið og í megindráttum gekk stefnan eftir: brautskráningum fjölgaði, námsframboð jókst, háskólum fjölgaði og rannsóknarstarf eflidist,“ bætir ráðherrann við.

Í skýrslunni segir að hvatinn í núverandi kerfi sé einsleitur, ýti undir áherslu á magn fremur en gæði. Þá séu verðflokkar sem ætlað er að taka tillit til mismunandi kostnaðar milli námsgreina of margir. Fjárveitingar hafi heldur ekki fylgt fjölgun nemenda.

Grænbókin verður nú í samráðsferli til 7. febrúar en í framhaldinu verður unnin hvítbók sem stefna stjórnvalda verður svo byggð á.

–sar

Andlegur vandi háskólanema fjölbreyttur og oft alvarlegur

Tilraunaverkefninu Sálrækt verður haldið áfram innan Háskóla Íslands, en það eru hópmeðferðartímar þar sem nemendur fá aðstoð og stuðning við andlegum vandamálum. Nemendur úr öllum greinum og öllum heimsálfum hafa nýtt sér sálfræðiráðgjöf háskólanema. Enginn óánægður, segir forstöðumaður.

HEILBRIGÐISMÁL Gunnar Hrafn Birgisson, forstöðumaður Sálfræðiráðgjafar háskólanema, segir að Sálræktarverkefnið hafi gengið mjög vel. En það er tilraunaverkefni sem hófst fyrir ári og byggir á hópmeðferðartímum þar sem nemendur fá aðstoð og stuðning. Ákveðið var að halda áfram með verkefnið í ár.

„Við máttum árangurinn og flestir sem tóku þátt gáfu verkefninu 9 eða 10 í einkunn og enginn var óánægður,“ segir Gunnar. „Nemendur fundu að þetta bætti líðan og hjálpaði þeim við námið og daglegar athafnir.“

Í fyrra tóku 36 nemendur þátt. Gunnar stýrir fundunum og hefur þrjá doktorsnema, sem eru orðnir sálfræðingar, sér til aðstoðar. Sálræktarverkefnið er ókeypis og aðeins fyrir nemendur Háskóla Íslands. Í sjö ár hefur Sálfræðiráðgjöfin sinnt einkatímum fyrir nemendum og er viðtalsgjaldið aðeins 1.500 krónur.

Vandamál sem nemendurnir glíma við eru af ýmsum toga, svo sem þunglyndi, kvíði, sveftruflanir, fíknivandi, fjölskyldumál, ástamál og margt fleira. Segir Gunnar að í mörgum tilvikum sé um mjög alvarlegan vanda að ræða.

Ólíkt því sem mætti halda sé eftirspurnin ekki meiri í kringum prófin, heldur jöfn og þétt yfir veturinn. Þekkt er sú saga að háskólanemar geti „lesið yfir sig“ en Gunnar segir ekkert benda til þess. „Það



Sálræktarverkefnið heldur áfram í ár. Fimmtungur nemenda sem leita aðstoðar er erlendur. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

er ekki orsakabáttur en fólk getur verið undir miklu álagi þegar verkefnaskil eru mikil og próf, jafn vel álag heima fyrir líka. Það getur tekið virkilega á að vera í háskóla,“ segir hann.

Aðspurður um hvort það virki vel að aðstoða fólk með mismunandi greiningar samtímis segir Gunnar svo vera og sé vel þekkt.

„Fólk lærir af fjölbreytninni og við notum hugræna atferlismeðferð við að kenna nemendum að fást við erfiðar tilfinningar, til-einka sér markvissari og árangurs-

Það getur tekið virkilega á að vera í háskóla.

Gunnar Hrafn Birgisson, forstöðumaður Sálfræðiráðgjafar HÍ



ríkari hegðun,“ segir hann. „Nemendur læra líka hverjir af öðrum og þeir sem lengra eru á veg komnir geta miðlað sinni reynslu til þeirra sem skemur eru komnir.“

Gunnar segir nema úr öllum greinum leita sálfræðiaðstoðar. Um 20 prósent þeirra séu erlendir.

„Við höfum fengið fólk hingað úr öllum heimsálfum. Þetta eru oft namar með aðlögunarferðileika, fólk sem er að reyna að spjara sig hérna á Íslandi langt frá sínu stuðningsneti.“

kristinnhaukur@frettabladid.is

VÖRUBÍLAR OG VINNUVÉLAR

Veglegt sérblað Fréttablaðsins um vörubíla og vinnuvélar kemur út þriðjudaginn 28. janúar nk.

Tryggðu þér gott auglýsingapláss í langmest lesna dagblaði landsins.

Nánari upplýsingar um blaðið veitir

Jón Ívar Vilhelmsson markaðsfulltrúi Fréttablaðsins.
Sími 550 5654/ jonivar@frettabladid.is



FRÉTTABLAÐIÐ SÉRBLÖÐ



RAM

Jeep[®]

AFMÆLISTILBOÐ

Á MJÖG VEL ÚTBÚNUM JEPPUM ALVÖRU JEPPAR - ALVÖRU FJÓRHJÓLADRIF



JEEP® RENEGADE LIMITED
AFMÆLISTILBOÐ FRÁ: 5.490.000 KR.
LISTAVERÐ FRÁ: 6.170.000 KR.



JEEP® COMPASS LIMITED
AFMÆLISTILBOÐ FRÁ: 5.990.000 KR.
LISTAVERÐ FRÁ: 7.424.000 KR.

5.990.000 KR.



JEEP® CHEROKEE LONGITUDE LUXURY
AFMÆLISTILBOÐ FRÁ: 7.790.000 KR.
LISTAVERÐ FRÁ: 8.456.000 KR.



JEEP® GRAND CHEROKEE TRAILHAWK
AFMÆLISTILBOÐ FRÁ: 10.390.000 KR.
LISTAVERÐ FRÁ: 10.990.000 KR.



JEEP® GRAND CHEROKEE OVERLAND
AFMÆLISTILBOÐ FRÁ: 11.390.000 KR.
LISTAVERÐ FRÁ: 11.990.000 KR.



JEEP® WRANGLER RUBICON
AFMÆLISTILBOÐ FRÁ: 11.960.000 KR.
FULLT VERÐ: 12.590.000 KR.



33" BREYTING
VERÐ FRÁ 690.000 KR.



35" BREYTING
VERÐ FRÁ 1.990.000 KR.



35", 37" OG 40" BREYTINGAR
VERÐ FRÁ 400.000 KR.

UMBOÐSAÐILI RAM OG JEEP® Á ÍSLANDI



RAM CREW CAB
TILBOÐ Á LAGERBÍLUM
GOTT ÚRVAL TIL AFGREIÐSLU STRAX



RAM MEGA CAB
TILBOÐ Á LAGERBÍLUM
GOTT ÚRVAL TIL AFGREIÐSLU STRAX



35, 37" OG 40" BREYTINGAR

ALLIR BÍLAR TIL AFGREIÐSLU STRAX TÖKUM GAMLA BÍLINN UPP Í NÝJAN



UMBOÐSAÐILI JEEP® OG RAM TRUCKS Á ÍSLANDI • ÍSLENSK-BANDARÍSKA
ÞVERHOLTÍ 6 • 270 MOSFELLSBÆR S. 534 4433 • WWW.ISBAND.IS
ISBAND@ISBAND.IS • OPIÐ VIRKA DAGA 10-18 - LAUGARDAGA 12-16

Barn síns tíma



Sunna Karen Sigurþórsdóttir
sunna@frettabladid.is

Það voru ekki margir dagar liðnir af nýju ári þegar fyrsta frétt af lokun Reykjanesbrautar birtist. Það voru heldur ekki margir dagar liðnir þegar fyrsta banaslys ársins varð, en það varð á einbreiðum kafla á Reykjanesbraut, á milli Krýsuvíkurfleggjara og Hvassahrauns.

Ítrekað hefur verið kallað eftir samgöngubótum á Reykjanesbraut. Mikilvægum úrbótum á einum fjölfarnasta vegi landsins, sem tengir saman alþjóðaflugvöll Íslendinga og höfuðborgarsvæðið. Bent er á háa slysatíðni, þá hættu sem stafar af einbreiðu köflum vegarins og fjölda banaslysa en sú gagnrýni virðist almennt látin sem vind um eyru þjóta.

Framkvæmdagleiðin í nýrri samgönguáætlun, sem var birt í lok síðasta árs, virðist afar takmörkuð. Þar er meðal annars gert ráð fyrir fimm ára framkvæmdahléi eftir að tvöföldun á þriggja kílómetra kafla á Reykjanesbraut í Hafnarfirði lýkur í lok árs 2020. Slysgildran við Straumsvík, á fyrrnefndum kafla milli Krýsuvíkurgatnamóta og Hvassahrauns, fær þar af leiðandi að sitja á hakanum í að minnsta kosti fimm ár til viðbótar en ef samgönguáætlunin stenst verður hugsanlega búið að bæta ástandið þar eftir áratug.

Íbúum í Reykjanesbæ hefur fjölgað stöðugt ár frá ári og bilið milli höfuðborgarinnar og Suðurnesja minnkar samhliða því. Ferðamönnum hér hefur sömuleiðis fjölgað og eðli máls samkvæmt eykst umferðarþunginn í takt við það. Það er þess vegna skammarlegt að ekki skuli vera talin þörf á að grípa til aðgerða fyrir en eftir heil tíu ár. Aðgerða er þörf strax og ekki síður þarf að stemma stigu við þeim stórhættulega framúrakstri sem á sér stað á einbreiðum köflum vegarins. Allir sem aka veginn gera sér grein fyrir því að örlög þeirra gætu verið í höndum þeirra sem á móti koma, og því þarf að breyta.

Hópurinn Stopp hingað og ekki lengra hefur gert vel í að vekja athygli á mikilvægi úrbóta á Reykjanesbraut. Meðlimir hópsins hafa lýst þungum áhyggjum af fjölda slysa á veginum og markmið hópsins er að fá samgöngufirvöld til þess að ganga hratt til verka. Hópurinn bendir á þá staðreynd að samgöngur á milli Suðurnesja og Reykjavíkur séu í lamassessi en á innan við hálfum mánuði hefur Reykjanesbraut verið lokað í þriggja vegna veðurs.

Fimm hafa látið lífið í umferðarslysum á Reykjanesbraut á síðustu fimm árum og tugir hafa slasast alvarlega. Hvert slys er slysi of mikið og þess vegna verður að bæta öryggi á þessari mikilvægu stofnleið, auk þess sem stuðla þarf að því að fólk komist leiðar sinnar. Bætt öryggi er öllum til hagsbóta og tvöföldun alla leið að flugstöð ætti að vera algjört forgangsmál. Það er því ástæða til að hvetja samgöngufirvöld til þess að endurskoða áætlanir sínar því áratugur er allt of langur tími. Reykjanesbraut má ekki verða barn síns tíma.



Allir sem aka veginn gera sér grein fyrir því að örlög þeirra gætu verið í höndum þeirra sem á móti koma, og því þarf að breyta.

Halldór



Frá degi til dags

Strákarnir okkar

Karlalandsliðið í handbolta er í náðinni á ný eftir frækilega frammistöðu á Evrópumótinu. Fátt kveikir meira þjóðarstolt en að leggja Dani, skila maðkaða mjölinu. Að valta yfir SovétPútín er heldur ekki óvinsælt. Þessi árangur kemur þjóðinni í opna skjöldu. Knattspyrnulandsliðið var fyrir löngu búið að stela nafnbótinni Strákarnir okkar og meira að segja körfuboltastrákarnir líka. Árangur handboltans var eitthvað úr grárrí forneskju, eins og heimsmet Skúla Óskarssonar eða Bermú-daskálin. Nú hamast þjóðin við að leggja nöfn landsliðsmanna á minnið og þykist aldrei hafa hætt að fylgjast með. Því þeir eru jú alltaf Strákarnir okkar.

Seðli til varnar

Seðlabankinn er aftur kominn í klandur. Nú síðast með ráðningu eins þriggja upplýsingafulltrúa sem kærufnfnd jafnréttismála tætti í sig. Lesningin er nánast átakanleg þar sem farið er ofan í saumana á gifurlegum mun á umsækjendunum. Það er hins fullt tilefni til að koma bankanum til varnar í þessu tilfelli. Með ráðningunni var komið í veg fyrir að duglegur reynslubolti hyrfi úr fjölmöldum til þess að halda úti Twitter, Snapchat, MySpace, Instagram, TikTok og Tindereikningum stofnunarinnar. kristinnhaukur@frettabladid.is arib@frettabladid.is

Sigur fyrir náttúruvernd



Kolbeinn Óttarsson
Proppé
þingmaður
Vinstri grænna

Nú hillir undir þjóðgarð á hálendinu, nokkuð sem áhugafólk um náttúruvernd hefur barist fyrir árum saman. Umhverfisráðherra hefur kynnt frumvarp um málið, sem mun koma fyrir Alþingi á næstu vikum. Þá verður hægt að gera að veruleika baráttumál um þjóðgarð á hálendi landsins, mál sem Vinstri græn hafa lengi lagt áherslu á og kveðið er á um í stjórnarsáttmála ríkisstjórnarinnar.

Innan þjóðgarðsins verður að finna ein stærstu óbyggðu víðerni í Evrópu. Á svæðinu eru miklar andstæður og fjölbreytileiki í landslagi og jarðmyndunum og þjóðgarður á miðhálandi Íslands yrði risastórt framlag til náttúruverndar á heimsvísu. Lagt er til að almenn mörk þjóðgarðsins miðist við landsvæði sem eru í sameign þjóðarinnar – á þjóðlendum innan miðhálandisliðu.

Umfangsmikil vinna stjórnvalda hefur átt sér stað um málið allt frá árinu 2016. Undirbúningsnefnd hélt ótal fundi með heimafólki og hagsmunaaðilum, opnir fundur voru haldnir þar sem hægt var að koma sjónarmiðum á framfæri og ráðslagað var við sérfræðinga. Hægt var að koma athugasemdum á framfæri í samráðsgátt og umhverfis- og samgöngunefnd mun senda það til umsagnar þegar það kemur fyrir þingið. Þá hefur ráðherra hitt allar sveitarstjórnir á svæðinu og skipulagt opna fundaröð um landið til að kynna málið.

Það er morgunljóst að um jafn viðamikil mál og þetta eru skiptar skoðanir; allt frá því að vilja engan þjóðgarð yfir í að vilja strangari friðunarskilmála en fylgja þjóðgarði og fríða enn stærra svæði. Það er sjálfsgagt og eðlilegt að hafa skiptar skoðanir á þeim framkvæmdum sem mögulega yrðu innan þjóðgarðs. Fyrir mér er ávinningurinn í stofnun þjóðgarðs aðalatriðið.

Fyrir okkur sem aðhyllumst náttúruvernd er mikilvægt að hafa stóru myndina í huga. Stofnun Hálandisþjóðgarðs er mikill sigur fyrir náttúruvernd. Sigur sem barist hefur verið fyrir árum saman, en verður nú að veruleika. Það er aðalatriðið.

KYNNINGAR VERÐ
4.790 m²

BERRY ALLOC

Harðparket

í fiskabeinamyndstri

ALFABORG Skútuvogi 6
104 Reykjavík
Sími: 568 67 55
alfaborg.is

- síðan 1986 -

Bless, bless, fagra fjallasýn



Sverrir
Björnsson
hönnuður

Nýlega var kynntur enn einn turninn við sjávarsíðuna í Reykjavík, átján hæða hóteltur á horni Vitastígs og Skúlagötu.

„Þetta verður eitt af sérkennum Reykjavíkur, ásamt Hallgrímskirkju og Perlunni,“ sagði arkitektinn. Blessaður maðurinn veit ekki að gömlu húsin og falleg fjallasýn eru sérkenni Reykjavíkur. Varla nema von þegar borgaryfirvöld hafa ekki náð því enn þá og samþykkja þennan himinháa Reykjavíkurreður.

Norðurveggurinn í Reykjavík er farinn að minna á The Wall í Game of Thrones og stöðugt er murað meira upp í útsýnið til norðurs sem er sundurskorið af turnum.

Hvergi er veggurinn hærri og þéttari en í kringum miðborgina. Háhýsin á Skúlagötu, hörmungin á Hafnartorgi og austurbakka hafnarinnar eru nýjustu múrsteinarnir í vegginn. Það er líka mikið tekið að henda hæðum ofan á eldri byggingar sem verið er að breyta í hótél, Slippinn, Héðinshúsið, Landsíma-húsið, rétt eins og enginn búi fyrir aftan þau.

Á hvergi að vera skarð í múrum fyrir augað og sálina að fá smá hvíld frá þessari steypu? Hvað með það

sem eftir er? Stálsmiðjureitinn, Miðbakkann, Ánanaustin, á líka að mura upp í þá glugga? Það er von að fólk spyrji: Hver hannaði þessa distópisku framtíðarsýn fyrir borgina? Borgarstjórn? Skipulagsyfyrvöld? Verktakar? Arkitektar? Andskotinn? Skammsýnin í að byggja háhýsi við sjó er augljós þegar litið er til Heimahverfisins og Efra Breiðholts; háhýsin efst á hæðinni og lægri hús neðar. Allir glaðir.

Með hverri nýrri byggingu í Reykjavíkurmúrinn eru tekin lífs-

gæði af öllum sem búa innar í borginni. Langt austur í bæ skera turnar útsýnið út á flóann til Snæfellsjökuls. Taumlaus græðgi er lélegt stilsnið manneskjulegs umhverfis. Tjón í búa Reykjavíkur er mikið sem og gróði verktaka og hótelleigenda í boði borgaryfirvalda. Er þau blind? Halda þau að borgarbúar séu það?

Bless, bless, Akrafjall og Skarðsheiði, fjóluþlái draumar Reykjavíkinga tilheyrta nú örfáum auðmönnum í lúxusbúðum og ríku ferðamönnum á hótelsvítum.

Fjölmiðill í hafvillu



Teitur Björn
Einarsson
varáþingmaður
Sjálfstæðis-
flokksins í
Norðvestur-
kjördæmi

Það er hvítleið tilhneiging í opinberri umræðu að hjóla í manninn en ekki efninu. Íðulega eru það þau sem ekki hafa góð málefnaleg rök fram að færa sem gerast sek um slík brot. Fátíðara er að útbreiddur fjölmiðill falli í slíka gryfju. Fréttablaðið varð þó uppvíst að sérkennilegri árás á mig í skoðunardálknum Frá degi til dags í þriðjudagsblaðinu þann 14. janúar.

Sagt var berum orðum að ástæða fyrir gagnrýni minni á stjórnsýslu Hafrannsóknastofnunar væri að ég vissi að með því að „kyssa hring norsku eldisrisanna“ ætti ég von á því að geta endað einn daginn í þægilegu starfi! Rakalaus er þessi þvættingur og er illmælg þessi augljóslega sett fram í annarlegum tilgangi. Mér vitandi hefur blaðið ekki fjallað um gagnrýni mína eða gert sér far um að leita til mín eða annarra eftir frekari sjónarmiðum og útskýringum, til að upplýsa lesendur sína um málið á hlutlægan og faglegan hátt. En augljóslega telur blaðið að málið heyrir undir opinbera umfjöllun fyrst efnistöð dálksins voru með þessum hætti.

Ekki er ástæða til að elta ólar frekar við þetta tiltekna skítkast. En það er ástæða til að velta upp þeirri spurningu hvort Fréttablaðið hafi misst skynbragðið fyrir raunverulegri baráttu fólks viðs vegar um landið fyrir lífsafkomu sinni og tilverurétti. Er blaðið virkilega svo fjarlægð fólkinu í landinu að það áttar sig ekki lengur á mikilvægi verðmætasköpunar og uppbyggingar starfa í einkageiranum? Hvernig gat blaðið öðruvísi horft fram hjá því að ég, sem varáþingmaður í Norðvesturkjördæmi, er einfaldlega að tala fyrir hagsmunum fólks á Vestfjörðum og víðar eftir bestu sannfæringu? Eiga þeir sem gefa sig að störfum í almannabágu virkilega framvegis von á því að Fréttablaðið leggist á sveif með þeim sem hafa það eitt fram að færa að rífa niður og snúa út úr og eigna mönnum annarlegar hvatir fyrir málstað sínum? Gildir þá einu hvar á ritstjórnarsíðu slíkar árásir birtast.

Stjórnendur og eigendur Fréttablaðsins eru nú í dauðafæri á því að komast í skjól ríkisjötunnar með rekstur sinn með frumvarpi menntamálaráðherra um ríkisframlög til fjölmiðla. Fólk á Vestfjörðum, sem á allt sitt undir eigin verðmætasköpun, er ekki svo heppið. Ekkert frumvarp er í þinginu sem kveður á um slíkt ríkisframlag til þeirra. Það þarf að vinna fyrir sér sjálft og væri óskandi að Fréttablaðið sýndi þeirri baráttu skilning.

Nordic Smart Government



Einföldun rekstrarumhverfis fyrir atvinnulífið

Setrið, Grand Hótel 16. janúar

- 13:30 Smart Iceland - Smarter Nordics**
Bjarni Benediktsson, fjármála- og efnahagsráðherra
- 13:45 Nordic Smart Government for Nordic Smart Businesses**
Kjersti Lunde, Danish Business Authority
- 14:05 Capabilities and Business Processes for the NSG Ecosystem**
David Norheim, Norwegian Registration Office
- 14:25 Why Structured Data?**
Vuokko Mäkinen, Consultant Finland
- 14:45 NSG Legal Environment**
Franck Mertens, Finnish Patent and Registration Office
- 15:05 From Government Programme to Automation in Tax**
Jenni Bärlund, Finnish Tax Administration
- 15:25 Umræður**
- 16:00 Fundi slitið**

Fundarstjóri: Jónas Magnússon, sérfræðingur hjá Skattinum

Allir sem hafa áhuga eru velkomnir og hvattir til að mæta. Skráning fer fram á slóðinni <https://www.rsk.is/skraning-a-nsg/> Fyrir áhugasama utan fundar verður fundinum streymt á fésbókarsíðu Skattsins <https://www.facebook.com/rikisskattstjori/>

Nordic Smart Government

Nordic Smart Government er norrænt samstarfsverkefni um einföldun rekstrarumhverfis lítilla og meðalstórra fyrirtækja á Norðurlöndunum. Verkefnið miðar að því að gera fyrirtækjum og stofnunum kleift að miðla/sækja viðskipta- og bókhaldsgögn á sjálfvirkan, snjallan og öruggan hátt í því sem næst rauntíma.

Þátttakendur í verkefninu koma frá fyrirtækjaskrá, skattyfirvöldum, hagstofum og fleiri aðilum. Hvert land er með eigið landsteymi sem gegnir m.a. því hlutverki að hafa samráð við hagsmunaaðila í heimalandinu. Skatturinn stýrir vinnu íslenska landsteymisins.

Nánari upplýsingar: <http://www.nordicsmartgovernment.org>

Oliver kominn heim til Blika

FÓTBOLTI Breiðablik tilkynnti í gær að Oliver Sigurjónsson væri kominn aftur í uppeldisfélag sitt og að hann hefði skrifað undir þriggja ára samning. Oliver kemur til Blika frá Bodø/Glimt í Noregi og er annar leikmaðurinn sem Breiðablik semur við í vetur á eftir Róberti Orra Þorkelssyni. Þá mun markvörðurinn Anton Ari Einarsson leika með liðinu á næsta ári eftir að hafa samið við Blika síðasta sumar.

Oliver sem er 24 ára á að baki 93 leiki fyrir Breiðablik, þar af 66 í efstu deild. Hann hefur leikið tvo leiki fyrir A-landsliðið ásamt fimm-tíu leikjum fyrir yngra landslið. Þá hefur Oliver verið á mála hjá AGF í Danmörku og síðast Bodo/Glimt í Noregi í atvinnumennsku.

Oliver æfði með Southend United sem leikur í ensku C-deildinni fyrir áramót þar sem Sol Campbell og Hermann Hreiðarsson eru við stjórnvölinn. – kpt



Brooks Koepka gagnrýndi hæga kylfinga í fyrra. NORDICPHOTOS/GETTY

Boða víti fyrir hæga kylfinga

GOLF Talsmenn PGA-mótaraðarinnar í golfi, þeirrar sterkustu í heiminum, tilkynntu í gær róttæka breytingu sem tekur gildi í apríl næstkomandi. Kylfingar á mótaraðinni geta átt von á vítahöggum í refsingu ef þeir eru of lengi að slá.

Brooks Koepka, einn besti kylfingur heims, lýsti að mótum loknum yfir óánægju sinni með Bryson DeChambeau og J.B. Holmes fyrir að vera lengi að slá boltann.

Kylfingar munu áfram fá góðan tíma til undirbúnings en fá nú sex-tíu sekúndur til þess að slá högg í stað þess að ráða tímanum. Við fyrsta brot munu kylfingar fá viðvörðun en þrjátíu kylfingar af sér aftur mun hann fá eitt högg í víti.

Aðeins eitt fordæmi er til um að kylfingur hafi fengið vítahögg fyrir hæga spilamennsku í sögu mótaraðarinnar en það átti sér stað árið 1995. – kpt



Guðjón Valur Sigurðsson fékk góða hvíld í leik Íslands og Rússlands og ætti að mæta fullfrískur inn í leikinn gegn Ungverjum í kvöld. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

Mikilvæg stig í boði í kvöld

Ísland leikur lokaleik sinn í D-riðli gegn Ungverjum í kvöld þar sem efsta sætið er undir. Með sigri fara Strákarnir okkar með tvö stig í milliriðilinn þar sem baráttan um sæti í undankeppni ÓL harðnar.

HANDBOLTI Íslenska karlalandsliðið í handbolta mætir síðdegis í dag Ungverjalandi í lokaumferð í E-riðli Evrópumótsins í Malmö í Svíþjóð. Fyrir leikinn er Ísland búið að tryggja sér farseðilinn í milliriðil mótsins en Ungverjar og Danir berjast um að fylgja íslenska liðinu þangað. Danmörk verður að treysta á íslenskan sigur ætli liðið sér að komast áfram.

Íslenska liðið hefur fjögur stig á toppi riðilsins, Ungverjaland er með þrjú stig í öðru sæti og Danmörk kemur þar á eftir með eitt stig. Rússar eru svo án stiga á botni riðilsins og eru úr leik. Leikur Íslands og Ungverjalands er mikilvægur fyrir íslenska liðið þar sem liðið tekur þau stig sem liðið fær í þeim leik með sér í milliriðil mótsins.

Guðmundur Guðmundsson, þjálfari landsliðsins, sagði að nú væri nýtt mót að hefjast hjá íslenska liðinu í milliriðilinum. Því væri mikilvægt að fara með þau tvö stig sem í boði væru inn í milliriðilana sem hefjast á fimmtudaginn.

„Við erum komnir í milliriðilinn en við lítum á þetta þannig að leikurinn gegn Ungverjum sé fyrsti leikurinn í milliriðilinum. Hann getur skilað okkur tveimur stigum inn í milliriðilinn og þess vegna er hann gríðarlega mikilvægur. Við viljum að sjálfsgöðu vinna þennan leik og leggjum allt í sölnurnar til þess,“ sagði Guðmundur á blaðamannafundi landsliðsins í gær.

„Ungverjar sýndu það gegn Dönum að þeir eru með frábært lið. Við þurfum að vera með svör við frábærri vörn þeirra og vera tilbúnir að verjast fjölbreyttum sóknarleik þeirra.“

Noregur og Portúgal sem léku í D-riðli mótsins hafa nú þegar tryggt sér sæti í milliriðli 2 með íslenska liðinu. Það réðst svo í gærkvöldi hvaða lið fóru upp úr F-riðilinum en þar voru það Slóvenar og Svíar sem fóru í milliriðilinn.

Með því að vera komnir í milliriðilinn er ljóst að Íslendingar eru ein af þeim tíu þjóðum sem eiga möguleika á að hljóta annað af þeim tveimur sætum sem laus eru í und-

Við litum á þetta sem svo að leikurinn gegn Ungverjum sé fyrsti leikurinn í milliriðilinum.

Guðmundur Guðmundsson

ankeppni Ólympiuleikanna. Danmörk sem berst fyrir lífi sínu í mótinu í lokaumferð riðlakeppninnar fer beint inn á Ólympiuleika sem heimsmeistari og þá hafa Noregur, Spánn, Frakkland, Króatía, Þýskaland og Svíþjóð tryggt sér sex af þeim átta sætum sem Evrópa fær í undankeppninni.

Þær tvær þjóðir sem hafna í efstu sætunum fyrir utan ofangreindar sjö þjóðir munu fara í undankeppnina fyrir Ólympiuleikana. Fyrir liggur að Frakkar munu ekki fara áfram í milliriðilinn og því er líklegt

að það dugi að hafna í sjöunda eða áttunda sæti til þess að eiga möguleika á að geta komið sér til Tókyó næsta sumar.

Ungverjar hafa betur í innbyrðisviðureignum liðanna en liðin hafa mæst 21 sinni og þar hefur ungverska liðið haft betur í 13 leikjum, íslenska liðið sjö sinnum og einu sinni hafa liðin gert jafntefli. Liðin mættust síðast í vináttulandsleik í janúar árið 2017 þar sem Ungverjaland hafði betur. Eina jafntefli í viðureign liðanna kom svo á Evrópumótinu í Danmörku árið 2014.

Eftirminnilegasta einvígi liðanna er líklega í átta liða úrslitum á Ólympiuleikunum árið 2012 en þar fór ungverska liðið með sigur af hólmi eftir tvíframlengdan leik. Snorra Steini Guðjónssyni brást bogalistin á vítapunktinum á ögurstundu í þeim leik og Guðjón Valur Sigurðsson og Aron Pálmars-son brenndu af skotum sínum sem hefðu getað tryggt sigurinn annars vegar og jafnað metin hins vegar í framlengingunum.

hjoarvora@frettabladid.is

Stjörnurarnar fjarverandi þegar Ísland mætir Kanada í nótt

FÓTBOLTI Íslenska karlalandsliðið í knattspyrnu mætir Kanada í æfingaleik í Los Angeles í nótt í fyrri æfingaleik Íslands í ferðalagi til Bandaríkjanna. Þar sem leikurinn fer fram á degi sem er ekki á opinberum landsleikjatíma eru stærstu stjörnur Íslands og Kanada fjarverandi, þar á meðal Alphonso Davies, vonarstjarna kanadískrar knattspyrnu sem leikur með Bayern München. Þetta er annar leikur Kanada á stuttum tíma eftir að hafa unnið 4-2 sigur á landsliði Barbados í æfingaleik um helgina.

Þjálfarateymi íslenska liðsins hefur þurft að gera fjórar breyting-



Kolbeinn getur bætt markamet Eids Smára í kvöld. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR

» Kolbeinn Sigþórsson er í hópi íslenska liðsins og vantar aðeins eitt mark til að bæta markamet sem hann deilir með Eidi Smára Guðjohnsen hjá karlaliðinu.

ar á hópnum sem tilkynntur var á dögunum og eru alls níu nýliðar í íslenska hópnum. Þá eru tíu leikmenn í hópnum sem leika með liðum úr Pepsi Max-deildinni.

Leikmannahópur Íslands í kvöld á að baki 364 landsleiki, þar af eiga Birkir Már Sævarsson, Hannes Þór Halldórsson, Kári Arnason og Kolbeinn Sigþórsson, sem hafa verið í lykilhlutverki í landsliðinu undanfarið áratug, 294 leiki.

Þetta verður í fjórða sinn sem karlalið Íslands og Kanada mættast í æfingaleik og til þessa hefur Ísland unnið einn og tveimur lokið með jafntefli. Liðin skildu jöfn á Laugar-dalsvelli fyrst þegar þau mættust árið 2007 en árið 2015 vann Ísland annan leikinn og hinum lauk með jafntefli þegar liðin mættust tvívégis í æfingaleik. – kpt

LA Lakers að vakna af tíu ára dvala

Tíu árum eftir að Los Angeles Lakers vann síðasta meistaratilinn er liðið komið aftur í fremstu röð og þykir líklegt til að berjast um meistaratilinn. LeBron James og Anthony Davis leiða endurreisn stórveldisins sem er komið í fyrsta sæti í Los Angeles á ný.

NBA Síðasta sumar tefldu forráðamenn Los Angeles Lakers djúrt. Félagið sótti Anthony Davis frá New Orleans Pelicans á kostnað þriggja efnilegra leikmanna sem félagið hafði valið snemma í nýliðavalinu og valrétti næstu ára. Davis á aðeins hálf tæki eftir af samningi sínum en skilaboðin voru skýr. Það átti að gera atlögu að meistaratilinum í staðinn fyrir að bíða og sjá hvað yrði úr ungum kjarna liðsins. Félag með LeBron James innanborðs er alltaf líklegt til að fara langt í úrslitakeppninni og það átti að nýta síðustu ár LeBron vel, sérstaklega í ljósi þess að ljóst var að leiðin í Vesturdeildinni gæti orðið greið í ár.

Eftir að hafa tekið við fimmta meistaratilinum á ellefu árum í byrjun sumars 2010 fór að halla undan fæti hjá Lakers. Lykilleikmenn voru komnir á aldur og hætti Phil Jackson, einn besti þjálfari allra tíma, ári síðar. Þeir reyndu að safna í nýtt ofurlið til að gefa Kobe Bryant enn eitt tækifæri á meistaratilinum en aldurinn fór illa með Lakers sem var sópað út úr úrslitakeppninni. Síðan þá hefur liðið verið fast í kjallara Vesturdeildarinnar og á fjórum tímabilum vann liðið aðeins 91 leik af 328. Liðið fór að sýna framfarir árið 2017 þegar 35 leikir unnust með lið skipað ungum leikmönnum sem voru teknir snemma í nýliðavalinu en þolinmæðin var á þrotum.

Þegar bauðst að semja við LeBron



LeBron James og Anthony Davis á góðri stundu. LeBron er í leit að fjórða meistaratilinum á ferlinum en Davis að þeim fyrsta eftir að hafa leikið með New Orleans Pelicans fyrstu sjö ár ferilsins. NORDICPHOTOS/GETTY

James, einn af bestu körfubolta mönnum allra tíma síðasta sumar stókk Lakers á tækifærið þrátt fyrir að LeBron væri að hefja sitt sextánda tímabil í deildinni. Fyrsta tímabil LeBron í Los Angeles olli vonbrigðum þegar hann var í fyrsta sinn að glíma við meiðslu auk þess sem ungt lið Lakers tók ekki það framfaraskref sem ætlast var til á tímabili sem Lakers vann 37 leiki.

Í ár hefur allt annað verið að sjá til Lakers. Þrátt fyrir smávægileg meiðslu hefur liðið unnið níu leiki í röð og 33 leiki af 40 þegar tímabilið er að verða hálfnað sem er besti árangur liðs í Vesturdeildinni. Aðrir leikmenn, aukaleikararnir svokölluðu, hafa stigið upp á réttum stundum þegar Davis og LeBron hafa verið fjarverandi eða átt slaka leiki.

Forráðamenn Lakers hafa eflaust fengið nóg af því að vera að elta við litla bróðurinn í Los Angeles, LA Clippers. Clippers hefur verið í skugga Lakers í Borg Englanna frá því að Clippers flutti til LA árið 1984 en undanfarin tíu ár hafa Clippers verið í forystu fyrir borgina í NBA-deildinni án þess að vinna titla. Clippers var atkvæðamikill á leikmannamarkaðnum og náldi í Kawhi Leonard og Paul George í sumar í von um að færa liðinu meistaratilinn en sem oft áður virðist Lakers ætla að standa í vegi fyrir nágrönnum sínum.

kristinnpall@frettabladid.is

Veldu rafmagn. Veldu stíl.

Eigum bíla til afgreiðslu.



KONA

RAFMAGN frá Hyundai

Fyrsti rafdrifni jepplingurinn. Drægi 449 km.

Nýr 100% rafdrifinn Hyundai KONA er fyrsti rafdrifni jepplingurinn á markaðnum. Hann hefur eitt mesta drægi bíla í þessum stærðarflokki eða 449 km samkvæmt nýjum WLTP mælingum. Meðal búnaðar í nýjum Hyundai KONA er skynvæddur hraðastillir, sjálfvirk neyðarhæmlun, sjónlínuskjár sem varpar upplýsingum um hraða og leiðsögn í framúðu, Krell hljóðkerfi og margt fleira.

KONA Comfort EV 2WD, 39 kWh, drægi 289 km*
KONA Premium EV 2WD, 64 kWh, drægi 449 km*

Verð 4.590.000 kr.
Verð 5.890.000 kr.

HYUNDAI

Hyundai | Kauptúni 1 | Sími 575 1200 | www.hyundai.is

5 ÁRA
ÁBYRGÐ
ÓTAKMARKAÐUR AKSTUR

8 ÁRA
RAFHLÖÐU
ÁBYRGÐARTRYGGING

Hyundai býður viðskiptavinum sínum upp á eina víðtækustu ábyrgð sem völ er á. Öllum Hyundai bílum fylgir 5 ára verksmiðjuábyrgð og ótakmarkaður akstur. Að auki fylgir öllum Hyundai rafbílum 8 ára eða 200.000 km ábyrgð á aðal rafhlöðu bílsins.

TÍMAMÓT

ÞETTA GERÐIST: 15. JANÚAR 1559

Elisabet I. krýnd Englandsdrottning

Elisabet I fæddist árið 1533. Hún var dóttir Hinriks VIII og Anne Boleyn. Móðir hennar var tekin af lífi þegar Elisabet var tveggja ára eftir ásakanir um framhjáhald. Eini sonur Hinriks dó sex árum á eftir föður sínum og í kjölfarið tók systir Elisabetar, María, við krúnunni. Á valdatíma Maríu var Elisabet um tíma fangelsuð í Lundúnurni vegna gruns um samsæri gegn systur sinni.

Eftir dauða Maríu var Elisabet krýnd Englandsdrottning. Hún fór ekki jafn geyst í ákvarðanatöku og faðir hennar og systkini og safnaði að sér dyggum hópi trausta ráðgjafa. Eitt helsta kjörorð hennar var „video et taceo“ (ég

sé en þegi). Elisabet hélt áfram í mót-mælendatrú þá sem faðir hennar hafði innleitt en páfinn úrskurðaði þá trú ólögmæta árið 1570. Elisabet lét fangelsa Maríu Skotadrottningu, kaþólska frænku sína, og síðar lifláta af því hún væri Elisabetu skeinuhætt og gæti gert tilkall til krúnunnar.

Elisabet giftist aldrei og var því stundum kölluð meydrottningin. Valdatími Elisabetar, einnig nefndur Elisabetartíminn, einkenndist meðal annars af leiklist, með leikskáld á borð við William Shakespeare í farabroddi, og ævintýralegum sjóförum manna á borð við Francis Drake.

Elisabet lést 24. mars árið 1603.



Jarðarför ástkærs eiginmanns míns,
Harðar Þórhallsóssonar

sem lést á gjörgæsludeild Landspítalans 4. janúar síðastliðinn, fer fram mánudaginn 20. janúar frá Akureyrarkirkju kl. 13.30.

Blóm og kransar afþakkaðir en þeim sem vilja minnast hins látna er bent á Sjúkrahúsið á Akureyri. Aðstandendur vilja koma sérstöku þakklæti til starfsfólks gjörgæsludeildar Landspítalans við Hringbraut, starfsfólks á 12E og Sjúkrahótel Landspítalans.

Ólöf Halbjörg Árnadóttir

Gunnar Rafn og Guðrún Harpa Vilhjálmsdóttir
Hjördís Sævar Harðardóttir **Kári Karlsson**
Hörður Harðarson **Lára Guðmundsdóttir**
Þórhallur Harðarson **Aníta Pétursdóttir**
barnabörn og barnabarnabörn.



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,
Sumarrós Jóhanna Helgadóttir

Ólafsvogi 7, Ólafsfirði,

andaðist á hjúkrunar- og dvalarheimilinu Hornbrekku þann 6. janúar.

Útför hennar fer fram frá Ólafsfjarðarkirkju laugardaginn 18. janúar kl. 14.00.

Jón Evar Klemensson
Arnar Klemensson
Guðrún Jónsdóttir
Klemenz Jónsson
Rósa Jónsdóttir

Helga Jónsdóttir
Árni Jónsson
María Magnúsdóttir
Sigurbjörn Þorgeirsson
og langömmubörn.



Okkar ástkæri

Hörður Einarsson

Skipalóni 7, Hafnarfirði,

andaðist á líknardeild Landspítalans í Kópavogi að morgni 24. desember. Útför hans fer fram frá Frikirkjunni í Hafnarfirði föstudaginn 17. janúar kl. 13.00.

Blóm og kransar eru vinsamlega afþakkaðir, en þeim sem vilja minnast hans er bent á minningarsjóð Frikirkjunnar í Hafnarfirði eða Heru líknarþjónustu.

Ólöf Þóroldsdóttir

Einar Þór Harðarson **Auður Kristín Árnadóttir**
Signý Dóra Harðardóttir **Einar Ragnarsson**
Jóna Margrét Harðardóttir **Björn Freyr Björnsson**
Ragnar Þór Harðarson **Hanna María Óskarsdóttir**
barnabörn og aðrir ástvinir.



Hjartans þakkir til allra þeirra sem sýndu okkur samúð og hlýhug við andlát og útför elskulegs eiginmanns míns, föður okkar, tengdaföður, afa og langafa,

Sigurðar Eiríkssonar

fyrirverandi vörubifreiðastjóra, Garðafelli, Eyrarbakka.

Þakkir fyrir hlýju við umönnun til starfsfólks Ljósheima, og Karlakórs Selfoss og stjórnanda fyrir frábæran tónlistarflutning.

Guðfinna Sveinsdóttir og fjölskylda.

Viltu birta minningargrein á frettabladid.is?

Minningargreinar skal senda á timamot@frettabladid.is. Birting er endurgjaldslaus og opin öllum á frettabladid.is/timamot

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið timamot@frettabladid.is.

Auglýsingar á að senda á auglysingar@frettabladid.is eða hringja í síma 550 5055.



Hjartkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

Kristrún Skúladóttir

Sléttuvegi 15, Reykjavík,

sem lést 8. janúar sl., verður jarðsöngin frá Háteigskirkju föstudaginn 17. janúar kl. 13.00. Starfsfólki á deild B2 í Fossvogi er þökkúð alúð og umhyggja undanfarnar vikur.

Skúli Eggert Þórðarson
Gunnar Þorsteinsson
Klara Lisa Hervaldsdóttir

Dagmar Elín Sigurðardóttir
Gísli Ívarsson
barnabörn og langömmubarn.



Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

Stefán Örn Stefánsson

vélaverkfræðingur frá Húsavík, Lundi 3, Kópavogi,

lést laugardaginn 11. janúar á Landspítalanum.

Útförin verður auglýst síðar.

Gunnþórunn R. Þórhallsdóttir

Stefán Geir Stefánsson **Anna María Gunnarsdóttir**
Halla Stefánsdóttir
Finnur R. Stefánsson **Steinunn Jónsdóttir**
Rebeka Stefánsdóttir **Emil Kárason**
barnabörn og barnabarnabarn.



Elskuleg móðir okkar, systir, amma og langamma,
Gréta Aðalsteinsdóttir

er látin.

Útförin hefur farið fram í kyrrþey að ósk hinnar látnu.

Kári Árnason Johansen
Herborg Árnadóttir Johansen
Trausti Aðalsteinsson
Birta Sif Arnardóttir
Sólvi Marínó Þorfinnsson
Árni Steinn Arnarson
Ari Marínó Arnarson

Örn Marínó Arnarson
Þorfinnur G. Þorfinnsson
María Ramos



Kærleikskveðjur og innilegar þakkir fyrir hlýhuginn og samúðina við andlát og útför elsku Palla okkar,

Páls Þorsteinssonar

Gula dregans tónlistarmanns,

Kristín Árnadóttir
Eva Þorsteinsdóttir
Hulda Sif Þorsteinsdóttir
Selma Rut Þorsteinsdóttir
Fanný Hund Þorsteinsdóttir

Þorsteinn Pálsson
Erlendur Þór Gunnarsson
Árni Davíð Skúlason
Magní Kristjánsson
og systrabörn.



Ástkær bróðir minn og vinur,
Magnús Óskarsson
fyrirverandi kennari á Hvanneyri, Bræðratungu 15, Kópavogi,

lést 28. desember sl. Útförin fer fram frá Kópavogskirkju miðvikudaginn 22. janúar kl. 13.

Guðmundur Óskarsson



Ástkær móðir okkar, uppeldismóðir, tengdamóðir, amma og langamma,
Ingibjörg Ingimundardóttir

Hrísmóum 7, Garðabæ,

sem lést föstudaginn 3. janúar, verður jarðsöngin fimmtudaginn 16. janúar kl. 13 frá Víðalíniskirkju í Garðabæ.

Agnes Jóhannsdóttir
Dagbjört Hansdóttir
Hermann Hansson
Svava Hansdóttir
Hrafn Ingimundarson

Bessi Þorsteinsson
Sigurbjörn Sveinsson
Auðbjörg Tómasdóttir
Jóhannes Kristjánsson
Elin Ágústsdóttir
barnabörn og barnabarnabörn.



Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,
Jón Traustason

lést 10. janúar á líknardeild Landspítalans í Kópavogi. Útförin fer fram frá Digraneskirkju föstudaginn 17. janúar kl. 15.

Blóm og kransar vinsamlega afþakkuð.

Sigrún Svava Loftsdóttir

Trausti Jónsson
Loftur Jónsson
Ingimundur S. Jónsson
Pálmi Jónsson
Sigurþór Jónsson
Hólmfríður Jónsdóttir

Þuríður Bergsdóttir
Edda Bang

Agnes Finnisdóttir
Hanna Steinsdóttir
barnabörn og barnabarnabörn.



Ástkær eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir, afi og langafi,
Sverrir Björnsson
frá Brautarholti, Hrutáfirði,

lést á sjúkrahúsinu Hvammstanga, 4. janúar. Útförin fer fram í Staðarkirkju Hrutáfirði laugardaginn 18. janúar kl. 14.

Þeim sem vilja minnast hans er bent á Félag áhugamanna um endurbyggingu Riishúss á Borðeyri, nr. 0159-05-410302, kt. 460701-2790.

Guðbjörg Á. Kristinsdóttir

Björn Ingi Sverrisson **Margrét K. Guðmundsdóttir**
Kristín Anna Sverrisdóttir
Ásgeir Sverrisson **Katrin Schmitt**
Alda Berglind Sverrisdóttir **Lárus Jón Lárusson**
afabörn og langafabörn.

MARKAÐURINN

Miðvikudagur 15. janúar 2020

2. tölublað | 14. árgangur

FYLGIRIT FRÉTTABLAÐSINS UM VIÐSKIPTI OG FJÁRMÁL

 ROLEX	 TUDOR		<p>Verið velkomin í nýja og glæsilega verslun okkar á Hafnartorgi</p> <p>MICHELSEN 1909</p> <p>Hafnartorg - 511 1900 - michelsen.is</p>
 TAG Heuer	 LONGINES		
 NOMOS GLASHÜTTE	 TISSOT		

Kapítalið vaknar



Íslensk fyrirtæki munu í auknum mæli taka afstöðu til samfélagsmála til að svara sífellt háværari kröfu frá neytendum. Stjórnendur hafa fleiri markmið en að hámarka hag hluthafa. Getur komið í bakið á þeim ef stefnan er ekki trúverðug. Þróunin sögð ýmist jákvæð eða iskyggileg. »6



»2

Lægsta orkuverðið fyrir minni stórnotendur

Samkeppnishæfni raforkuverðs Landsvirkjunar er mikil samkvæmt nýrri skýrslu. Raforkukostnaður minni stórnotenda var lægstur á Íslandi 2018. Raforkuverð á Norðurlöndum hefur hins vegar lækkað verulega síðustu mánuði.

»4

Arðsemi Íslandsbanka langt undir kröfu ríkisins

Arðsemi Íslandsbanka var talsvert undir arðsemiskröfu Bankasýslunnar á fyrstu níu mánuðum síðasta árs. Bankanum ber að grípa til „viðeigandi ráðstafana“ ef arðsemin er undir kröfunni í tvo fjórðunga í röð.

»8

Vörur Good Good í Walmart-verslanir

Smásölurisinn mun bjóða til sölu vörur íslenska matvælafyrirtækisins í meira en 100 verslunum sínum í ellefu fylkjum. Selja vörurnar til 24 landa en mesti vöxturinn er í Bandaríkjunum.



 EYECARE



Byltingarkennd nýjung í margskiptum glerjum

50–65% stærra lessvæði

Optical Studio

SMÁRALIND • HAFNARTORG • LEIFSSTÖÐ • KEFLAVÍK

Sjö milljarða hagnaður Novators af sölu í CCP

Tvö félög á vegum Novators, fjárfestingafélags Björgólfs Thors Björgólfssonar, högnuðust um tæplega 7,2 milljarða króna á árinu 2018 vegna sölu á hlut þeirra í tölvuleikjafyrirtækinu CCP. Þetta má lesa út úr ársreikningum félaganna, NP og NP II.

Novator varð stærsti hluthafi CCP árið 2005 og var leiðandi fjárfestir í tölvuleikjafyrirtækinu allt til ársins 2018 þegar það var selt til suðurkóreska tölvuleikjaframleiðandans Pearl Abyss. Þá var tekið fram í fréttatilkynningu að Novator og tengd félög hefðu fyrir sölu átt samanlagt ríflega 43 prósent hlut í CCP.

Félagið NP var stærsti einstaki hluthafi tölvuleikjafyrirtækisins með 27,2 prósent hlut og þá hélt NP II á 8,5 prósent hlut í fyrirtækinu. Fyrirnefnda félagið bókfærði hjá sér 6,2 milljarða króna hagnað vegna sölunnar árið 2018 en það síðarnefnda ríflega eins milljarðs króna hagnað.

Pearl Abyss keypti allt hlutafé í CCP fyrir 225 milljónir dala, jafnvirði 27,7 milljarða króna, á haustmánuði 2018. Auk þess var möguleiki á árangurstengdum greiðslum fyrir allt að 200 milljónir dala, sem jafngildir um 24,7 milljörðum króna, á árunum 2019 og 2020.

Rekstrarhagnaður CCP þarf samkvæmt kaupsamningnum að hafa verið meiri en 25 milljónir dala á síðasta ári til að það komi til árangurstengdra greiðslna fyrir árið. Á þessu ári þarf sá hagnaður svo að vera meira en 40 milljónir dala til þess að umrætt ákvæði virkist.

Til samantburðar má nefna að rekstrarhagnaður CCP var 5,2 milljónir dala árið 2018, 11,8 millj-



Björgólfur Thor Björgólfsson, einn eigenda Novators

43%

var eignarhlutur Novators og tengdra félaga í CCP fyrir sölu til Pearl Abyss.

ónir dala árið 2017 og 26,1 milljón dala á árinu 2016. Enn liggja ekki fyrir upplýsingar um afkomu tölvuleikjafyrirtækisins á síðasta ári.

Í ársreikningi Pearl Abyss á Íslandi fyrir árið 2018 kom fram að miðað við forsendur viðskiptaáætlunar suðurkóreska félagsins væri áætlað virði væntra greiðslna – vegna árangurstengda hluta kaupverðsins – um 23,8 milljónir dala eða aðeins um tólf prósent af þeim 200 milljónum dala sem geta að hámarki komið til greina.

Félög á vegum Novators voru eins og áður sagði stærsti hluthafi CCP með 43 prósent hlut en aðrir stórir hluthafar voru bandarísku sjóðirnir New Enterprise Associates með 23 prósent og General Catalyst með 21 prósent og þá átti Hilmar Veigar Pétursson forstjóri 6,5 prósent hlut.

Pearl Abyss, sem var stofnað árið 2010, gefur út leikinn Black Desert Online en flagskip CCP er sem kunnugt er fjölspilunarleikurinn EVE Online. Starfsemi CCP hélst óbreytt hér á landi eftir sölu en um 200 manns starfa hjá fyrirtækinu á Íslandi og um 50 í Bretlandi og Sjanghai. Fyrirtækið velti alls 56,3 milljónum dala, jafnvirði 6,9 milljarða króna, árið 2018 og drögust tekjurnar saman um fjórtán prósent frá fyrra ári. – kij

MARKAÐURINN

ÚTGÁFUFELAG Torg., Kalkofnsvegur 2, 101 Reykjavík, sími 550 5000

Netfang hordur@frettabladid.is | Sími 550 5051

Ritstjóri Hörður Egiðsson hordur@frettabladid.is

Netfang auglýsingadeildar auglysingar@frettabladid.is Veffang frettabladid.is

RAF MÓTORAR



SCANVER EHF 588 80 40
www.scanver.is

GÍRAR - FÆRIBÖND - RAFMÓTORAR - LEGUR

Lægsta verðið fyrir minni stórnotendur

Samkeppnishæfni raforkuverðs Landsvirkjunar er mikil samkvæmt nýrri skýrslu. Raforkukostnaður minni stórnotenda var lægstur á Íslandi árið 2018. Raforkuverð á Norðurlöndum hins vegar lækkað verulega síðustu mánuði.

Samkeppnishæfni raforkuverðs Landsvirkjunar er að jafnaði mikil og heildaraforkukostnaður minni stórnotenda (10-20 MW) var lægstur á Íslandi árið 2018 samkvæmt gögnum frá Eurostat og verði í nýjum samningum Landsvirkjunar.

Þetta er á meðal þess sem kemur fram í nýrri skýrslu Landsvirkjunar sem kynnt verður á ráðstefnu orku-fyrirtækisins í dag sem ber yfirskriftina Orkuarkaðir í mótun: Íslensk orka á alþjóðlegum mörkuðum. Í skýrslunni var meðalverð Landsvirkjunar til stórnotenda borið saman við verð á heildsöluarkaði raforku á Norðurlöndunum, Bretlandi og Þýskalandi. Var niðurstaðan sú að verðið væri mjög samkeppnishæft og einnig væri meiri breytileiki í verði erlendis.

Raforkuverð á norræna uppboðsmarkaðinum Nord Pool hefur hins vegar lækkað verulega á síðustu mánuðum vegna hagstæðs veðurfars. Nord Pool er markaður með raforkusamninga fyrir það rafmagn sem framleitt er á Norðurlöndunum.

„Það sem hefur verið að gerast er að fjárfesting í uppbyggingu endurnýjanlegrar orku í Evrópu er að þrýsta raforkuverði niður. Á meginlandinu hefur raforkuverð til orkusækisins iðnaðar farið lakkandi á síðustu misserum en hér heima hefur það verið að þökast upp á við,“ segir Ingólfur Bender, hagfræðingur Samtaka iðnaðarins, í samtali við Markaðinn.


„Þetta vegur að samkeppnisstöðu orkusækisins iðnaðar hér á landi en hann er að skapa umtalsverð verðmæti fyrir þjóðarþúð, hvort sem litid er til starfa eða útflutningsverðmætis. Samkeppnishæfni skiptir höfuðmáli fyrir sjálfbærni greinarinnar. Raforkukostnaður er umtalsverður hluti heildarkostnaðar þessara fyrirtækja og því skiptir þróun hans miklu máli fyrir samkeppnishæfni þeirra. Í þessu sambandi er vert að hafa í huga að álverin, svo dæmi sé tekið, hafa sum hver verið rekin með tapi undanfarnin misseri sem er mikið áhyggjuefni,“ segir Ingólfur.

„Þessi fyrirtæki eru í samkeppni við erlend fyrirtæki sem njóta raf-



Landsvirkjun kynnr skýrslu á ráðstefnu í dag. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Verðþróun á raforkumörkuðum



Raforkuverð á þremur stórum uppboðsmörkuðum raforku í Norður-Evrópu gefur til kynna það meðalverð sem fæst í raforkusölu á viðkomandi mörkuðum. Til samanburðar sést það meðalverð sem Landsvirkjun fær fyrir sína raforkusölu til stórnotenda.

orkuverðs sem fer lakkandi, auk ríkisstyrkja. Þó að við séum ekki með opinn raforkumarkað þá er innlend framleiðsla á afurðum sem byggir á íslenski raforku í samkeppni við erlenda framleiðendur.“

Í skýrslu Landsvirkjunar er vísað til greiningar verkfræðistofunnar Eflu. Þar kemur fram að heildsöluverð Landsvirkjunar til almennra notenda hafi lækkað um 16 prósent á föstu verðlagi 2006-2018.

Á sama tíma hafi smásöluverð raforku til fyrirtækja lækkað um þrjú prósent á föstu verðlagi og smásöluverð raforku til heimila hefur hækkað um 10 prósent umfram verðlag.

Evrópska hagstofan, Eurostat, birtir árlega gögn um raforkukostnað mismunandi notenda. Landsvirkjun bendir á að miðað við gögn fyrir árið 2018 sjáist að heimili og fyrirtæki á Íslandi séu með lægsta raforkukostnaðinn af öllum Norðurlöndunum.

„Undanfarnin ár hafa nýir stórnotendur bæst við flórana á Íslandi sem eru ólíkir þeim sem fyrir voru. Þeir nota t.a.m. minna af rafmagni (talið í tugum frekar en hundruðum megavatta), rafmagnssamningarnir eru styttri og raforkueftirspurnin byrjar smátt en vex yfir tíma,“ segir í skýrslunni. thorsteinn@frettabladid.is

Sótti sér 960 milljónir króna í hlutafé

Nýsköpunarfyrirtækið Controlant, sem hefur þróað lausnir til þess að fylgjast með ástandi viðkvæmra vara, líkt og lyfja og matvara, lauk síðasta haust samtals um 960 milljóna króna hlutafjárukningu. Erlendir fjárfestar komu með um fjórðung fjármagnsins.

Guðmundur Árnason, fjármálastjóri Controlant, segir í samtali við Markaðinn að hlutafjárukningunni sé ætlað að standa straum af vexti og uppbyggingu félagsins en það sé nú í verulegum vexti á erlendum mörkuðum.

Fyrri hluthafar Controlant leiddu hlutafjárukninguna en nýir fjárfestar, innlendir sem erlendir, bættust jafnframt í hluthafahópinn.

Samlagssjóðir Frumtaks Ventures eru stærsti hluthafi nýsköpunarfyrirtækisins en eignarhlutur þeirra nam tæplega 38 prósentum fyrir hlutafjárukninguna. Aðrir stórir hluthafar í Controlant eru



Guðmundur Árnason, fjármálastjóri Controlant.

219

milljónir króna voru rekstrartekjur Controlant árið 2018.

en fremur fjárfestingafélagið TT Investments, sem er meðal annars í eigu Baldurs Guðlaugssonar, fyrrverandi ráðuneyttisstjóra, og Kjartans Gunnarssonar, fyrrverandi framkvæmdastjóra Sjálfstæðisflokksins, Gíslis Herjólfsson, framkvæmdastjóri og einn stofnenda Controlant, eigendur Málningar, fjárfestarnir Magnús Magnússon og Magnús Pálmi Örnólfsson, Bessi Gíslason lyfjafræðingur og Ingi Guðjónsson, stjórnarformaður og einn eigenda Lyfju, svo nokkur dæmi séu nefnd.

Rekstrartekjur Controlant námu ríflega 219 milljónum árið 2018,

samkvæmt ársreikningi nýsköpunarfyrirtækisins, en Gíslis Herjólfsson framkvæmdastjóri sagði í samtali við Morgunblaðið síðasta vor að gert væri ráð fyrir að tekjur á árinu 2019 yrðu yfir 500 milljónir króna.

Fyrirtækið skilaði rúmlega 605 milljóna króna tapi á árinu 2017 og jókst það umtalsvert frá árinu 2017 þegar það var um 324 milljónir króna. Rekstrargjöld jukust um 82 prósent á árinu og námu alls 820 milljónum króna en Gíslis tók fram í fyrrnefndu viðtali að fyrirtækið væri í miklum uppbyggingarfasa sem hefði áhrif á afkomuna. – kij



▶▶ Útboðsþing SI

Útboð á verklegum framkvæmdum 2020

Háteigur á Grand Hótel Reykjavík fimmtudaginn 23. janúar kl. 13-16

Útboðsþing SI verður haldið í Háteig á Grand Hótel Reykjavík þar sem kynnt verða fyrirhuguð útboð ársins á verklegum framkvæmdum opinberra aðila.

Dagskrá



▶ **Setning**
Sigurður Hannesson
framkvæmdastjóri SI



▶ **Reykjavíkurborg**
Dagur B. Eggertsson
borgarstjóri



▶ **Veitur**
Inga Lind Valsdóttir
forstöðumaður tækniþróunar



▶ **Landsvirkjun**
Gunnar Guðni Tómasson
framkvæmdastjóri framkvæmdasviðs



▶ **Landsnet**
Unnur Helga Kristjánsdóttir
yfirmaður verkefnastjórnunar framkvæmda



▶ **Orka náttúrunnar**
Hildigunnur Jónsdóttir
forstöðumaður tækniþróunar



▶ **Faxaflóahafnir**
Gunnar Tryggvason
aðstoðarhafnarstjóri Faxaflóahafna



▶ **ISAVIA**
Guðmundur Þórðarson
yfirverkefnastjóri stækkunarverkefnis flugstöðvar í Keflavík



▶ **Vegagerðin**
Óskar Örn Jónsson
forstöðumaður framkvæmdadeildar



▶ **Framkvæmdasýsla ríkisins**
Guðrún Ingvarsdóttir
forstjóri



▶ **Fundarstjóri**
Jóhanna Klara Stefánsdóttir
sviðsstjóri mannvirkjasviðs SI

Skráning á www.si.is



Arðsemi talsvert undir kröfu ríkisins

Arðsemi Íslandsbanka var umtalsvert undir arðsemiskröfu Bankasýslunnar á fyrstu níu mánuðum síðasta árs. Bankanum ber að grípa til „viðeigandi ráðstafana“ ef arðsemin er undir kröfunni í tvo fjórðunga í röð. Arðsemi Landsbankans var nær kröfunni.

Arðsemi eigin fjár Íslandsbanka var allt að fjórum prósentustigum undir þeirri kröfu sem Bankasýsla ríkisins gerir til bankans á síðasta ári. Bankinn segist vera að bregðast við stöðunni með tiltækum ráðum og stefnir að því að ná markmiðum sínum á næstu tveimur til fjórum árum.

Arðsemi eigin fjár Íslandsbanka nam 5,1 prósentu á fyrstu níu mánuðum síðasta árs og var því umtalsvert undir þeirri lágmarks ávöxtunarkröfu sem Bankasýsla ríkisins, sem fer með eignarhluti ríkisins í Íslandsbanka og Landsbankanum, setti bankanum í árslok 2018 en krafan var á síðasta ári á bilinu 7,75 til 9,25 prósent.

Bankinn náði heldur ekki arðsemiskröfu Bankasýslunnar þegar litið er til arðsemi eigin fjár hans án bankaskatts og einskíptiskostnaðar en þannig reiknuð nam arðsemin 7,3 prósentum á tímabilinu.

Arðsemi eigin fjár Landsbankans var nær kröfu Bankasýslunnar en stofnunin gerir sambærilegar kröfur til arðsemi bankanna tveggja. Landsbankinn skilaði arðsemi upp á 7,9 prósent á fyrstu níu mánuðum síðasta árs og minnkaði hún um tæplega eitt prósentustig á milli ára. Þess má geta að án bankaskatts nam arðsemi Landsbankans 9,6 prósentum á tímabilinu sem um ræðir en bankinn hefur sem kunnugt er sett sér markmið um að ná og viðhalda að minnsta kosti tíu prósentu arðsemi að bankaskattinum undanskildum.

Samkomulag tókst á milli Bankasýslunnar og Íslandsbanka um almenn og sérstök markmið í rekstri bankans í desember árið 2018 eftir ríflega tveggja ára viðræður en í nýlegri skýrslu um starfsemi stofnunarinnar er tekið fram að nokkur álitamál hafi komið upp í viðræðunum, þá meðal annars um arðsemiskröfu ríkisins, sem tíma hafi tekið að greiða úr. Auk þess hafi verið áhöld um upplýsingagjöf bankans til Bankasýslunnar og samkeppnisjónarmið.

Í samningi Bankasýslunnar og Íslandsbanka, sem hefur verið birtur á vef stofnunarinnar, er kveðið svo á um að bankinn skuli grípa til „viðeigandi ráðstafana“, eins og það er orðað, ef arðsemi af áframhaldandi starfsemi á ársgrundvelli uppfyllir ekki arðsemismarkmið bankans í fjárhagsáætlun eða lágmarks ávöxtunarkröfu ríkisins á



Birna Einarsdóttir, bankastjóri Íslandsbanka. Arðsemi eigin fjár bankans var 5,1 prósent á fyrstu níu mánuðum 2019 og minnkaði um tvö prósentustig á milli ára. Arðsemi grunnrekstrar var um 7,3 prósent. FRÉTTABLAÐID/ERNIR

Má ekki ráða ráðgjafa án aðkomu Bankasýslu

Samkvæmt samningi Bankasýslunnar og Íslandsbanka er bankanum meinað að ráða fjármálaráðgjafa eða lögráðgjafa í tengslum við sölu á bankanum eða meiriháttar sameiningar við önnur fjármálfyrirtæki nema að Bankasýslan sé höfð með í ráðum.

Þá er jafnframt áreittað í samningnum að vald til þess að taka ákvörðun um að hefja sölu meðferð á hlut ríkisins í Íslandsbanka liggja hjá Bankasýslunni og fjármála- og efnahagsráðherra

en ekki hjá bankanum. Bankinn megi auk þess ekki hafa frumkvæði að skráningu hluta á skipulegum verðbréfamarkaði án samþykkis Bankasýslunnar. Jafnframt er sú skylda lögð á bankann að tryggja nauðsynlega aðstoð og starfskrafta við sölumæðferð á hlut ríkisins sem og við undirbúning á slíkri sölu, til dæmis með þátttöku í áreiðanleikakönnunum, fundum með Bankasýslunni og kynningarfundum með væntanlegum fjárfestum.

tveimur samliggjandi ársfjórðungum. Er ávöxtunarkrafan skilgreind sem áhættulausir vextir, það er, vextir á viðskiptareikningum innlánsstofnana í Seðlabanka Íslands,

á viðbættu fimm prósentu álagi. Umrádd arðsemiskrafa Bankasýslunnar er sambærileg og fjárfestar gera almennt til héraðs banka, að sögn viðmælenda Markaðarins

90

starfsmönnum Íslandsbanka var sagt upp störfum á síðasta ári.

að það væri „að sjálfsögðu markmiðið að ná arðsemi bankans upp á það stig að eigendur séu sáttir og það er mikilvægt að grípa til ýmissa aðgerða til að unnt sé að ná því“.

Í svari Íslandsbanka við fyrirspurn Fréttablaðsins er tekið fram að bankinn sé að „bregðast við þessu með tiltækum ráðum og stefnir á að komast í markmið sín á næstu tveimur til fjórum árum með því að sjá tekjur hækka meira en kostnað á því tímabili“.

Styttist í að söluferli hefjist

Eins og greint var frá í Markaðinum síðasta haust hefur enn ekkert verið ákveðið af hálfu stjórnvalda um hvenær eigi að hefja söluferli á hlut í öðrum hvorum ríkisbankanna. Haft var eftir Bjarna Benediktssyni, fjármála- og efnahagsráðherra, í Ríkisútvarpinu í lok september að hann vænti þess að skriður kæmist fljótlega á málið. Unnið er að endurskoðun eigendastefnu ríkisins fyrir fjármálfyrirtæki frá árinu 2017 en áhersla hefur verið lögð á að ljúka þeirri vinnu áður en sala á bönkunum hefjist.

Fram kom í fyrrnefndri frétt Markaðarins að Bankasýslan horfi til þess að farin verði sú leið við næsta skref í söluferli bankanna að fjórðungshlutur verði að lágmarki seldur í Íslandsbanka með hlutfjárútbodi og tvíhliða skráningu á markað eða allt að hundrað prósentu hlutur með uppboðsleið þar sem aðrir bankar og fjárfestingasjóðir myndu gera tilboð í bankann.

Niðurstöður starfshóps sem skilaði af sér hvítbók um fjármálakerfið í lok síðasta árs voru meðal annars þær að rök væru fyrir því að dregið yrði úr viðtæku eignarhaldi ríkisins í fjármálfyrirtækjum, sem er margfalt meira en þekktist í öðrum Evrópuríkjum, til þess að minnka áhættu, fórnarkostnað og neikvæð samkeppnisáhrif.

kristinnigl@frettabladid.is

Arðsemi eigin fjár

Fyrstu níu mánuðir 2019

Íslandsbanki	5,1%
Landsbankinn	7,9%
Arðsemiskrafa ríkisins	8,25-9,25%

á fjármálamarkaði, en til þess að setja kröfuna í samhengi má sem dæmi nefna að Arion banki seldi í liðnum mánuði verðtryggt víkjandi skuldabréf, sem teljast til eiginfjárbáttar 2 og eru almennt séð ódýrara fjármagn en hlutafé, á kröfunni 3,95 prósent.

Íslandsbanki hefur að undanfögnu staðið í miklum hagræðingaraðgerðum sem hafa meðal annars birst í uppsögnum en starfsmönnum bankans fækkaði um níutíu talsins á síðasta ári. Aðspurð um uppsagnirnar sagði Birna Einarsdóttir bankastjóri í samtali við Ríkisútvarpið í nóvember síðastliðnum

Fjármálfyrirtæki annist skilaskyldu á arði

Marel, sem skráð er í kauphöll á Íslandi og Hollandi, leggur til að fjármálfyrirtæki annist skilaskyldu á arðgreiðslum skráðra fyrirtækja til ríkissjóðs í stað fyrirtækjanna sem skráð eru á markað, eins og tíðkast víða erlendis. Þetta kemur fram í umsögn fyrirtækisins til efnahags- og viðskiptanefndar Alþingis.

Til að hægt sé að standa skil á réttum skatti af arðgreiðslu þurfa fyrirtækin að vita skattalega stöðu hvers hluthafa. Sumir hluthafa hafa takmarkaða skattskyldu á grundvelli tvísköttunarsamninga og aðrir eru undanþegnir staðgreiðslu, til dæmis lifeeyrissjóðir og verðbréfasjóðir.

Í ljósi skorts á upplýsingum um skattalega stöðu hluthafa verða útreikningar fyrirtækjanna vegna arðgreiðslu gjarnan rangir. „Það veldur óþarfa vinnu við leiðrétt-



Arni Oddur Þórðarson, forstjóri Marel.

ingar og endurgreiðslur,“ segir í umsögninni.

„Af þessu skapast óhagræði sem auðveldlega mætti leysa með því að flytja skilaskyldu staðgreiðslu af arði yfir á fjármálfyrirtæki en slíkt fyrirkomulag tíðkast víða erlendis. Fjármálfyrirtæki eru í viðskiptasambandi við hluthafa og geta því aflað upplýsinga um skattalega stöðu þeirra á einfaldari hátt en útgefendur. Auk þess hafa fjármálfyrirtækin þekkingu og búa yfir kerfum til að sjá um skattgreiðsluna hratt og örugglega,“ segir í umsögn Marel. – hvj

Seldu fasteign fyrir 1,8 milljarða í Danmörku

Íslendingar seldu fasteign í Danmörku fyrir 100 milljónir danskra króna, jafnvirði 1,8 milljarða króna, að því er fram kemur í tilkynningu til sænsku kauphallarinnar.

Fint ehf., sem er í jafnri eigu Brynjar Péturssonar Young og kypverska félagsins Kulsea Investment, samkvæmt upplýsingum Creditinfo, seldi fasteignina til sænska fasteignafélagsins Wihlborgs. Einar Páll Tamimi lögmaður situr í stjórn fasteignafélagsins, samkvæmt ársreikningi ársins 2017.

Fasteignin, sem er 19.500 fermetrar, er í Brøndby, sem er í útjaðri Kaupmannahafnar. Útleiguhlutfallið er 83 prósent. Í fullri leigu nema leigutekjurnar 11,8 milljónum danskra króna á ári eða um 215 milljónum króna, segir í tilkynningu til kauphallarinnar.

Árið 2006 festi fasteignafélagið

» Brynjar Pétursson á helming í félaginu sem átti fasteignina. Nýsir keypti fasteignina árið 2006 en fasteignafélagið varð gjaldþrota í kringum fjármála-hrunið.

Nýsir kaup á fasteigninni en það varð gjaldþrota í kringum fjármála-hrunið 2008.

Brynjar hefur stýrt endurskipulagningu fjölda fyrirtækja, þar á meðal fasteignafélaganna Nýsis, Eikar, SMI og Landic Property. Árið 2012 stofnaði hann Contra og kom á fót 90 milljóna dollara fasteignasjóði, að því er segir frétt frá árinu 2013. – hvj

VR

FYRIRTÆKI
ÁRSINS 2020

Hvar stendur
þitt fyrirtæki
miðað við
önnur?

➤ vr.is/2020

HP PageWide

Ný kynslóð prentara



Afköst

Mikil afköst og hámarks uppítmí



Lágt blaðsíðuverð

Ódýrari litaprentun og frábær prentgæði



Öryggi

Varnir gegn árásum og reglulegar uppfærslur



Umhverfisvænir

Minni hylki, minna rusl og margfalt minni orkunotkun en í laserprenturum. **95%** minni rekstrarvara og úrgangur en ef um sambærilega laserprentara væri að ræða

Láttu okkur sjá um prentreksturinn

Opin Kerfi getur séð um allan rekstur prentumhverfisins sem inniheldur m.a. HP Prentlausnir, rekstrarvöru og alla þjónustu ásamt vöktun sem tryggir að pappír og blek er sent þegar lágmarksstöðu er náð. Fyrir þessa þjónustu og alla rekstrarvöru er greitt fast blaðsíðuverð* á samningstímanum.



*nánar tilgreint í samningi.

Opin Kerfi

www.opinkerfi.is/prentrekstur

Þurfa að sýna hvar þau standa

Íslensk fyrirtæki munu í auknum mæli taka afstöðu til samfélagsmála til að svara sífellt hávæðari kröfu frá neytendum. Stjórnendur sagðir hafa fleiri markmið en að hámarka haghluthafa. Forstjóri Advania segir vakninguna rétt að byrja. Getur komið í bakið á fyrirtækjum ef stefnan er ekki trúverðug. Formaður Miðflokksins segir þróunina iskyggilega.

Þorsteinn Friðrik Halldórsson
tfh@frettabladid.is



Ég held að fyrirtækin séu að svara kröfu frá almenningi um að þau taki afstöðu til samfélagslegra eða pólitískra mála. Í raun komast þau varla hjá því vegna þess að krafan verður sífellt hávæðari," segir María Kristjánsdóttir, lögmaður hjá LEX, sem hefur fylgst með umfjöllun um samfélagslega ábyrgð fyrirtækja frá því að hún kynntist þessum málum við störf hjá Sameinuðu þjóðunum árið 2006.

Finna má fjölmörg dæmi í enskumælandi löndum um það að stór og þekkt fyrirtæki hafi blandað sér í pólitísk mál á undanföllum misserum. María nefnir ákvörðun bandaríska íþróttavöruriss Nike sem gerði auglýsingasamning

Umfjöllunin 100 milljóna króna virði

Fréttir af regnbogafánam Advania fóru eins og eldur í sínu í fjölmiðlum, bæði innlendum og erlendum. Samantekt á erlendri umfjöllun um þetta mál var unnin af alþjóðlega fréttakerfinu Cision sem mældi hve víða ákveðin efnisorð (Mike Pence, Advania, LGBT o.fl.) birtust í erlendum fjölmiðlum dagana á eftir heimsókn Mikes Pence til Íslands.

Samkvæmt greiningu Cision náðu fréttir og blogg-færslur um málið til allt að 439 milljón lesenda og þeim var deilt um 75 þúsund sinnum á samfélagsmiðlum. Ætlun stjórnenda Advania var þó aldrei sú að skapa fjölmiðlafar að sögn Ægis Mäs.

„Viðbrögðin voru stjernfræðileg. Við drögum

fánana að húni og höfðum ekki í hyggju að láta nokkurn vita sérstaklega af því. Fólk í kringum okkur tók strax eftir þessu og fór að pósta myndum á samfélagsmiðla. Það liðu ekki nema fimm eða sex mínútur þangað til við fengum fyrsta simtalið frá fjölmiðlum," segir Ægir Már.

Að auki notar Cision aðferð við að meta virði tiltekinna umfjöllunar eða, ef umfjöllunin er neikvæð, hve miklum skaða umfjöllunin hefur valdið. Niðurstaðan var sú að Advania hefði þurft að verja um 825 þúsund Bandaríkjadöllum, jafnvirði um 100 milljóna króna, í stafræna markaðssetningu til að ná sambærilegri dreifingu.

við fyrrverandi NFL-leikmanninn Colin Kaepernick haustið 2018. Hann hafði vakið bæði ádáun og hneykslun með því að krjúpa þegar bandaríski þjóðsöngurinn var spilaður fyrir leiki en þannig vildi hann mótmæla kynþáttaofbeldi í Bandaríkjunum.

„Aukningin sem við erum að sjá í því að fyrirtæki og eigendur þekktra vörumerkja taki afstöðu í pólitískum og samfélagslegum málum hefur að einhverju leyti haldist í hendur við vitundarvakningu almennings og fyrirtækja um samfélagslega ábyrgð fyrirtækja," segir María. Auk þess hafi samfélagsmiðlar, sem veita beint aðgengi að neytendum, magnað þessa þróun.

Þá bendir María á að á síðasta ári hafi verið tvö dæmi um að íslensk fyrirtæki tækju afstöðu til samfélagslegra mála. Advania dró regnbogafána að hún þegar varaforseti Bandaríkjanna, Mike Pence, kom í opinbera heimsókn í Höfða en höfuðstöðvar fyrirtækisins eru beint á móti Höfða. Íslandsbanki tók jafnframt samfélagslega afstöðu í vetur þegar tilkynnt var stefna bankans í sjálfbærri þróun en hún felur meðal annars í sér að horfa í auknum mæli til kynjahlutfalla hjá þeim fyrirtækjum sem bankinn á í viðskiptum við.

„Það var enginn sérstakur aðdragandi. Við ákváðum að gera þetta eftir að hafa lent í hremmingum við að komast til vinnu út af

öllum umstanginu í kringum heimsóknina. Þá fórum við að ræða fyrir hvað maðurinn stæði og það fyrsta sem kom upp í hugann var að hann hefði ekki bara talað gegn samkynhneigð heldur beitti hann sér harkalega gegn réttindum samkynhneigðra," segir Ægir Már Þórisson, forstjóri Advania.

„Þá ákváðum við að minna á að hér á landi væri eining um að samkynhneigðir njóti sömu mannréttinda og aðrir. Það voru ekki nema þrjár vikur liðnar frá hinsegin dögum og mörg fyrirtæki höfðu skreytt sig með regnbogafánanum. Okkur fannst þessi dagur ekki síðri til að flagga.“

Vakning sem er rétt að byrja

Spurður um viðbrögðin segir Ægir Már að þau hafi nær undantekningalaust verið jákvæð. Sú litla gagnrýni sem Advania fékk fyrir uppátækið hafi aðallega snúist um að fyrirtæki eigi ekki að taka pólitíska afstöðu.

„Ég er algjörlega á móti því að fyrirtæki blandi sér í flokkspólitík og við litum aldrei á þetta sem svo að við værum að taka flokkspólitíska afstöðu. Fánarnir standa fyrir mannréttindi sem ég held að langflestir séu sammála um að skipti miklu máli," segir Ægir Már.

Munum við sjá meira af því að íslensk fyrirtæki taki afstöðu til samfélagsmála?

„Þetta er vakning sem er rétt að byrja og breytingarnar hafa verið

Um leið og neytendur skynja að stefna fyrirtækis sé ekki einlæg, eða að henni sé ekki fylgt eftir, er hætta á því að vörumerki og ímynd fyrirtækisins skaðist.

María Kristjánsdóttir, lögmaður hjá Lex



ótrúlega hraðar á síðustu tveimur eða þremur árum. Áður var það nóg að fyrirtæki styrktu menningar-eða íþróttastarf en nú eru gerðar aðrar og meiri kröfur um samfélagsábyrgð fyrirtækja. Nú fer fólk fram á að fyrirtæki sýni í verki fyrir hvað þau standa. Gerðar eru ríkar kröfur um viðskiptasiðferði. Styrkveitingar eru góðar og gildar en það getur verið flóknara að standa með sinni sannfæringu þegar á reynir en að setja lógó á íþróttabol," segir Ægir Már og ítrekar mikilvægi þess að stefna fyrirtækja í þessum efnum sé trúverðug og að henni sé fylgt eftir.

„Flest stærri fyrirtæki hafa myndað sér stefnu í samfélagsmálum og það er ótrúlega lélegt ef hún á einungis að gilda á tyllidögum en ekki þegar á reynir. Stefnan þarf

að vera meira en orð á blaði. Neytendur gera þá kröfu til nútíma-fyrirtækja að þau hafi einhverja sannfæringu og séu trú henni," segir Ægir Már.

Er þetta æskileg þróun að þínu mati?

„Já, ég ætla að vona að fyrirtæki láti að sér kveða í samfélags- og umhverfismálum en forðist að blanda sér í flokkspólitík. Stóra áskorunin sem fylgir þessari þróun er að slík mál geta auðvitað orðið flokkspólitísk.“

Hverfa frá meginhlutverkinu

Sigmundur Davíð Gunnlaugsson, formaður Miðflokksins, bendir á að samkeppni fyrirtækja um að selja góðar vörur eða góða þjónustu á samkeppnishæfu verði hafi verið ein af undirstöðum árangurs Vesturlanda um aldir. Í enskumælandi löndum hafi hins vegar verið áberandi þróun í áttina að því að fyrirtæki líti á sig sem pólitískar stofnanir og aðeins tímaspursmál hvenær sú þróun berist til Íslands.

„Stórfyrirtæki hafa verið að hverfa frá meginhlutverki sínu sem hefur slæm áhrif á neytendur, á hagsæld og einnig á samfélagið vegna þess að eitt af því sem fyrirtæki eiga alls ekki að gera er að fara í manngreinaralit. Það er iskyggileg þróun þegar fyrirtæki byrja að haga viðskiptum sínum eftir kyni, litarhafti eða öðru," segir Sigmundur Davíð.

Mæta seint á vígvöllinn

„Það er margt áhugavert við það sem er að gerast. Eitt af því er að fyrirtæki taka upp málstað sem hefur orðið ofan á hjá þeim sem eru ráðandi í samfélagsmálum. Stundum virðist þeim jafnvel vera sama um viðhorf hefðbundinna viðskiptavina sinna. Þetta tekur oft á sig undarlegar birtingarmyndir," segir Sigmundur Davíð. Stundum virðist þetta bara snúast um að teika vagninn. Hann nefnir breskan matvælarisa sem ákvað að setja regnbogafánann á umbúðir nokkuð hefðbundinnar samloklu og markaðssetja hana sem LGBT-samloklu.

VR

FYRIRTÆKI
ÁRSINS 2020

Hvernig
stjórnandi
ert þú?

➔ vr.is/2020

LEIÐ

MIDVIKUDAGUR 15. JANÚAR 2020

Heimili



Undir Brit Care vörulínunni má finna fóður sem hentar öllum stærðum hunda og katta. Framleiðendur Brit eru framsæknir í vöruþróun og eru sífellt að kynna nýjar vörur fyrir kröfuharða hunda og ketti. Hjá Brit er mikið lagt upp úr gæðum og hugsað um velferð dýranna, bæði þeirra smáu og stóru.

Brit gæðafóður fyrir flotta hunda og ketti

Brit Care hefur verið á markaðnum á Íslandi síðan 2012 og er vel þekkt á meðal eigenda hunda og katta. Heilbrigði og velferð dýranna er ávallt sett í fyrsta sæti og framleiðendur Brit slaka ekki á kröfum um gæði hráefnis. ➔

VERTU LAUS VIÐ
LIÐVERKI



NUTRILENK
GOLD

www.artasan.is



Framhald af forsiðu ➔

Hjá Brit Care er ávallt leitast við að nota eingöngu hráefni sem hafa jákvæð áhrif á dýrin enda er Brit Care kornlaust og ekki ofnæmisvaldandi og ætti því að henta öllum dýrum, þar með talið þeim sem glíma við fæðuþol.

Vörn gegn sjúkdómum

Margir nútímasjúkdómar herja á dýr, ekki síður en mannfólkið. Hjartasjúkdómar, sykursýki, krabbamein og kvíði er meðal þess sem gæludýrin þurfa að kljást við. Brit Care hefur jákvæð áhrif á heilsu dýranna og getur minnkað líkur á slíkum sjúkdómum. Eingöngu er notast við vandlega valin hráefni eins og lamb, lax, önd, dádýr, kanínu og síld auk jurta sem hafa langvarandi jákvæð og uppbyggjandi áhrif á dýrin.

Sérhannaðar vörur

Undir Brit Care vörulínunni má finna fóður sem hentar öllum stærðum hunda og katta. Framleiðendur Brit eru framsæknir í vöruþróun og eru sífellt að kynna nýjar vörur. Það nýjasta frá þeim er Brit Mono Protein blautmatur fyrir hunda sem inniheldur aðeins eina tegund próteins. Inntaka á einni tegund próteins dregur úr líkum á fæðuþoli eða ofnæmi. Hentar vel sem nammi í leikföng og er tilbreyting fyrir dýrið.

➔ Undir Brit Care vörulínunni má finna fóður sem hentar öllum stærðum hunda og katta.

Fyrir smáhundana

Brit Care Mini er sérhannað fóður fyrir smáhundana. Þetta er ný lína af fóðri, sérstaklega löguð að þörfum smáhundana. Fóðrið er kornlaust og í því er hátt hlutfall kjöts með áhrifaríkum hráefnum sem styðja við ónæmiskerfi smáhundanna, hjarta, feld, skinn, tennur og bein. Í fóðrinu er lambakjöt, dádýr, kanínukjöt eða lax. Mjög bragðgott og auðmeltanlegt fóður.

Smáhundar hafa sérstaka næringarþörf. Vegna smæðar sinnar þola þeir verr ryk og önnur skaðleg efni sem geta leitt til streitu og valdið álagi á líkama þeirra. Vegna tiltölulega litilla meltingarfæra og maga, samanborið við stærri hunda, er nauðsynlegt að hafa hærra hlutfall af næringarefnum í minna magni af fóðri.

Nánari upplýsingar er hægt að fá á vefnum <https://ojk.is/> eða í gegnum Facebook síðu okkar, Brit

Brit Care fóðurvörur fást m.a. í verslunum **Gæludýr.is, Garðheimum, Fiskó, Bendi, Stapafelli Keflavík og Kaupfélagi Borgfirðinga.**

Brit care
PREVENTION BY NUTRITION



Undir Brit Care vörulínunni má finna fóður sem hentar öllum gæludýrum. Framleiðendur Brit eru framsæknir í vöruþróun og kynna sífellt nýjar vörur.



Í Brit Care Cat línunni er úrval af þurr- og blautfóðri.



Hundurinn er að vonum sáttur með sitt gæðafóður.

Fjarðarkaup

MIÐVIKUDAGUR 15. JANÚAR 2020



Það eru yfir þúsund vörur á tilboði á heilsudögum Fjarðarkaupa og er því tilvalið að gera sér ferð í Hafnarfjörð og byrja nýja áratuginn á hollum og hreinum nótum. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Yfir þúsund hollustuvörur á tilboði á Heilsudögum

Gísli Sigurbergsson, verðlagsstjóri Fjarðarkaupa, segir nóg um að vera á Heilsudögum sem standa yfir út janúar en vinsælustu heilsuvörurnar og vörumerkin eru nú á veglegum afslætti. Gísli segir að greina megi töluverðan viðsnúning í kauphegðun viðskiptavina eftir jólasukkið. ➔4

VEGAN LÍFRÆNT GLÚTENLAUST



10%
AFSLÁTTUR

MS
Grísk jógúrt 1 kg.

628 kr.

Áður 698 kr.



LÍFRÆNT!

Rapunzel
Rauðar linsubaunir

598 kr.

Áður 798 kr.



25%
AFSLÁTTUR

Rapunzel
Basmati hrísgrjón

558 kr.

Áður 698 kr.



LÍFRÆNT!

Bunalun Tómat-
og paprikusósa

345 kr.

Áður 432 kr.



20%
AFSLÁTTUR

Bunalun Tómat-
og grænmetisósa

345 kr.

Áður 432 kr.



VIT-HIT
Drekaávöxtur

230 kr.

Áður 288 kr.



20%
AFSLÁTTUR

VIT-HIT
Græn epli

230 kr.

Áður 288 kr.



25%
AFSLÁTTUR

Lýsi
Heilsutvenna

936 kr.

Áður 1.248 kr.



20%
AFSLÁTTUR

Berry
Gojiberjasafi

226 kr.

Áður 283 kr.



Berry
Bláberjasafi

226 kr.

Áður 283 kr.



W.K. Kellogg
Granóla

324 kr.



Sigdal
Hrókkbrauð

388 kr.



LÍFRÆNT!

Nesbú
Lífræn egg

558 kr.

Áður 698 kr.

Ath! Þetta er aðeins brot af þeim vörum sem eru á tilboði á Heilsudögum. Tilboð glíða til laugardagsins 1. febrúar eða á meðan birgdir endast.

Fræið er sérdeild Fjarðarkaupa með heilsuvörur. Þar er gott úrval af vegan vörum, lífrænum matvörum, vistvænum vörum og fæðubótarefnum. Kíktu í heimsókn og kynntu þér úrvalið. www.fjardarkaup.is

YFIR
1000
VÖRUR Á
AFSLÆTTI

Afgreiðslutímar
mánudaga - miðvikudaga 09:00 - 18:00
fimmtudaga 09:00 - 18:30
föstudaga 09:00 - 19:00
laugardaga 10:00 - 16:00
lokað sunnudaga.

HEILSUDAGAR



25%
AFSLATTUR

Bio-Kult
Candea

1.785 kr.

Áður 2.380 kr.



Himnesk hollusta
Chia fræ 400 g

500 kr.

Áður 625 kr.



Himnesk hollusta
Maískökur

131 kr.

Áður 164 kr.



25%
AFSLATTUR

Biona
Kirsuberjatómatar

208 kr.

Áður 278 kr.



Biona
Tómatar/hvítlaukur

198 kr.

Áður 264 kr.



16%
AFSLATTUR

Floridana
Rauðrófur/hindber

336 kr.

Áður 398 kr.



GLÜTENLAUST

20%
AFSLATTUR

LÍFRÆNT!

Vitabella
Jarðarberja koddar

382 kr.

Áður 478 kr.



25%
AFSLATTUR

Koko
Kókosmjólk

256 kr.

Áður 342 kr.



20%
AFSLATTUR

Sonett
Þvottalögur

1.320 kr.

Áður 1.650 kr.



Solaray
Kalsíum

1.536 kr.

Áður 2.048 kr.



Solaray
Mega B

2.294 kr.

Áður 3.058 kr.

25%
AFSLATTUR



Now
B12

1.014 kr.

Áður 1.352 kr.



Now
D3 vítamín

1.116 kr.

Áður 1.488 kr.

25%
AFSLATTUR



Guli miðinn
C-1000

956 kr.

Áður 1.268 kr.



Guli miðinn
Hárkúr

674 kr.

Áður 898 kr.

25%
AFSLATTUR



Icelandic Harvest
Astaxanthin

1.782 kr.

Áður 2.970 kr.

FK

FJARÐARKAUP

EINSTÖK VERSLUN



Ávaxtaborðið í Fjarðarkaupum er hlaðið hollustu.

Framhald af forsiðu →

Núna eru allir að hugsa um heilsuna, það er fljótt að snúast úr jólaóhollustunni yfir í janúarhollustu,“ segir Gísli Sigurbergsson. „Það er nú kannski ekki allt óhollt í desember, en þetta er dálítið sérstakt, hvernig þetta er snýst við, daginn eftir fyrsta.“

Deiliskipulagið tekur til um 5 ha svæðis. Á staðnum er 70 m² hús sem byggt var árið 1987 og 55 m² hús sem byggt var árið 2007. Einnig er þar gamalt leitarmannahús. Þessi hús eru notuð sem leitar-mannahús og fyrir ferðafólk á sumrin. Einnig er á staðnum 36 m² hesthús og hestagerði við það. Gisting er fyrir um 24 gesti. Aðkoma er af vegslóða sem liggur um Hrunamannafrétt. Mannvirki eru í eigu Hrunamanna-hrepps. Starfsemi er aðallega yfir sumartímann. Innan lóðar/afmörkunarsvæðis eru núverandi mannvirki, hestagerði og vatnsból. Heimilt verður að stækka núverandi gistaðstöðu um allt að 100 m² eða byggja nýtt hús. Heimilt er að stækka hesthús í allt að 100 m². Gisting verður fyrir allt að 50 gesti. Í Aðalskipulagi Hrunamannahrepps 2016-2032 er svæðið skilgreint sem fjallasel á afþreyingar- og ferðamanna-svæði.

Samkvæmt 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er hér auglýst eftirfarandi deiliskipulagstillaga:

3. Deiliskipulag. Hrafnaklettur. Bygging íbúðarhúsa og skemmu. Flóahreppi

Sveitarstjórn Flóahrepps samþykkti þann 1. október 2019 tillögu að deiliskipulagi á um 2 ha svæðis í Hrafnaklettum úr landi Súluholts. Deiliskipulagstillagan gerir ráð fyrir byggingu íbúðarhúsa og skemmu á tveimur byggingarreitum. Innan byggingareits B1 er heimilt að byggja allt að 150 m² íbúðarhús og allt að 300 m² skemmu. Innan byggingareits B2 er núverandi frístundahús, sem verður gert að íbúðarhúsi og það stækkað í allt að 80 m². Aðkoma að Hrafnaklettum er af Önundarholtsvegi (nr. 311) og núverandi aðkomuvegi að landinu.

Niðurstaða sveitarstjórnar auglýst skv. 2. mgr. 32. gr. skipulagslaga nr. 123/2010:

Vatnsleysa land B L188581. Bláskógabyggð. Breytt notkun lands innan frístundasvæðis F67. Aðalskipulagsbreyting.

Lögð fram umsögn umhverfisstofnunar 27.9.2019 til afgreiðslu og umfjöllunar. Í umsögn Umhverfisstofnunar er bent á að land það sem breyta á í landbúnaðarland, njóti sérstakrar verndar skv. 61. gr. laga um náttúruvernd nr. 60/2013.

Bókun sveitarstjórnar Bláskógabyggðar 12. desember 2019:

Sveitarstjórn áréttar að uppbygging á svæðinu mun einungis ná yfir svæði sem er afmarkað sem byggingarreitur. Ekki verður um framkvæmdir að ræða á vesturhluta svæðis þar sem um er að ræða birkikjarr sem nýtur verndar skv. 61. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd. Gerð hefur verið breyting á greinargerð tillögunnar, þar sem ofangreint er áréttað. Helgi Kjartansson vék af fundi við afgreiðslu málsins og Valgerður Sævarsdóttir, varaoddviti tók við stjórn fundarins.

Hægt er að kæra samþykkt sveitarstjórnar til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála. Kærufrestur er einn mánuður frá birtingu auglýsingar um gildistöku skipulags í B-deild Stjórnartíðinda.

Ofangreindar skipulagslýsingar/skipulagstillögur liggja frammi til kynningar á skrifstofu skipulagsfulltrúa, Dalbraut 12, Laugarvatni á skrifstofutíma embættisins. Að auki er hægt að nálgast tillögur á vefslóðinni <http://www.utu.is>. Þá eru gögnin aðgengileg á heimasíðum sveitarfélaganna: <https://www.floahreppur.is>; <https://www.fludir.is>; <https://www.blaskogabyggd.is>

Skipulagstillaga nr. 2 er í kynningu frá 15. janúar til 5. febrúar 2020, en tillögur nr. 1 og 3 eru í auglýsingu frá 15. janúar til 28. febrúar 2020. Athugasemdir og ábendingar við tillögu nr. 2 þurfa að berast skipulagsfulltrúa eigi síðar en 5. febrúar 2020, en fyrir tillögur nr. 1 og 3 eigi síðar en 28. febrúar 2020.

Athugasemdir og ábendingar og skulu vera skriflegar.

Rúnar Guðmundsson
Skipulagsfulltrúi
runar@utu.is

RÁÐNINGAR



Árangur fyrirtækja ræðst af þekkingu, getu og reynslu starfsmanna. Hver einstök ráðning er mikilvæg fjárfesting og er hagar bæði fyrirtækis og viðkomandi einstaklings að vel takist til.

Intellecta ehf. Síðumúla 5 108 Reykjavík 511 1225 intellecta.is

intellecta

VEÐUR, MYNDASÖGUR & ÞRAUTIR

Miðvikudagur

Reykjavík



1 | 2
°C | ←

Egilsstaðir



1 | 5
°C | ↘

Ísafjörður



-4 | 15
°C | ↘

Kirkjubæjarkl



0 | 8
°C | ↓

Akureyri



2 | 6
°C | ↘

Hveravellir



-4 | 9
°C | ↘

Dregur úr vindi og úrkomu í dag, fyrst austan til. Norðlæg átt, víða 8-13, í kvöld og dálítill el um norðanvert landið, annars þurr. Hiti kringum frostmark.

Fimmtudagur

Reykjavík



1 | 6
°C | ←

Egilsstaðir



0 | 1
°C | ↘

Ísafjörður



0 | 8
°C | ↘

Kirkjubæjarkl



2 | 3
°C | ↘

Akureyri



1 | 3
°C | ↑

Hveravellir



-6 | 3
°C | →

Föstudagur

Reykjavík



1 | 5
°C | ↗

Egilsstaðir



-4 | 1
°C | ↗

Ísafjörður



-6 | 2
°C | ↗

Kirkjubæjarkl



-2 | 4
°C | ↘

Akureyri



-6 | 2
°C | ↑

Hveravellir



-5 | 3
°C | ↑

LÉTT

2	3		4		1		9	7
	7		9	8	2			
			5		4	2		
	2	6	1	3		9	8	
9			7				6	
	1	8						
3								
			8		7	4		
1			6	2	4	3		

MIDLUNGS

3	7			8		5		
			5					
	9	1		7	3			
						5		
8	4	3			5			
9	6		7	2			1	
2			9				3	
		8	6			9		2
	5	4					7	

PUNG

	6		8			9	1	
		1	6				4	3
	5			2		6		
4		6						9
	9			4				
			9	3			5	
	4			5	7		8	
1								
2	5				1			

Krossgáta

LÁRÉTT

- Sverfa
- Viðbót
- Tveir eins
- Flekka
- Skóli
- Kveinstafir
- Snikjur
- Neisti
- Tala
- Lystisemd

LÓDRÉTT

- Orka
- Klink
- Atvikast
- Gagn
- Dáinn
- Ávarp
- Bata
- Slæða
- Snæddi

1	2	3		4	
5				6	7
8			9		
10			11		
		12			
13	14				
15				16	
	17				

LÁRÉTT: 1. raspa, 5. auk, 6. ff, 8. flekka, 10. ma, 11. vol, 12. betl, 13. glöð, 15. niðan, 17. nauzt. LÓDRÉTT: 1. rafmaðn, 2. aura, 3. ske, 4. afnot, 7. fallinn, 9. kveðju, 12. bóta, 14. lm, 16. át.

Skák Gunnar Björnsson

Simon Ansell (2.334) átti leik gegn Luksz Cyborovski (2.505) í bresku deildakeppninni fyrir skemmstu.

Hvítur lék 29. Bf6 og vann um síðir. Hann missti hins vegar af afar falgri vinningsleið. 29. Dg7+!! Bxg7 30. hxg7 h5 31. Rh6+ Kh7 32. Rxf7 Hxh8 33. gxh8D+ Hxh8 34. R3g5+ Kg8 35. Hxe6! og þótt ótrúlegt sé er svartur varnarlaus t.d. eftir 35...Rf8 36. He8 eða 35...Rd4 36. Rxh8. www.skak.is: Skákhátíð MótX – önnur umferð.

Hvítur á leik



4	7	6	3	9	2	5	1	8
8	5	9	1	6	4	3	7	2
1	2	3	5	7	8	4	6	9
6	4	1	2	8	3	7	9	5
2	3	5	9	4	7	6	8	1
9	8	7	6	1	5	2	3	4
3	6	8	4	2	1	9	5	7
5	1	4	7	3	9	8	2	6
7	9	2	8	5	6	1	4	3

5	8	6	4	1	7	9	2	3
7	9	1	2	5	3	4	6	8
2	3	4	6	8	9	5	1	7
8	1	3	7	2	5	6	4	9
4	2	5	9	3	6	7	8	1
6	7	9	8	4	1	2	3	5
9	4	7	1	6	8	3	5	2
1	5	2	3	7	4	8	9	6
3	6	8	5	9	2	1	7	4

5	8	4	7	1	3	9	2	6
2	3	9	4	5	6	1	7	8
7	6	1	8	9	2	3	5	4
6	7	8	5	3	4	2	9	1
9	1	3	2	7	8	6	4	5
4	5	2	9	6	1	8	3	7
3	9	6	1	4	5	7	8	2
1	2	5	3	8	7	4	6	9
8	4	7	6	2	9	5	1	3

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri niú reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni. Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

Pondus



Geljan



Barnalán



MUNDU EFTIR GÖMLU GÓÐU AFMÆLISKRINGLUNNI - fyrir 25-30 manns

mánudaga-föstudaga 7.30 - 17.30
laugardaga 8.00 - 16.00
sunnudaga 9.00 - 16.00

Austurströnd 14 • Hringbraut 35

www.bjornsbakari.is

r

HITTU OKKUR Á FACEBOOK  / REKKJAN

ÚTSALA
20-50%
AFSLÁTTUR

HEILSURÚM
-20-40%

HÆGINDASTÓLAR
-30%



ERGOMOTION

2x90x200 cm

ÚTSÖLUVERÐ
307.608 KR.
FULLT VERÐ 384.510 KR.



ILMKERTI
-20%



Mia

160x200 cm

Dýna botn og fætur

ÚTSÖLUVERÐ
99.888 KR.
FULLT VERÐ 132.340 KR.

Eymdarleg kátína og kómísk eynd

LEIKHÚS

Vanja frændi



Anton Tsjekhov

Borgarleikhúsið

Leikstjórn: Brynhildur

Guðjónsdóttir

Leikarar: Jóhann Sigurðarson, Unnur Ösp Stefánsdóttir, Katrín Halldóra Sigurðardóttir, Sigrún Edda Björnsdóttir, Valur Freyr Einarsson, Hilmir Snær Guðnason, Halldór Gylfason, Margrét Helga Jóhannsdóttir og Arnar Dan Kristjánsson

Leikmynd: Börkur Jónsson

Búningar: Filippía I. Elísdóttir

Lýsing: Björn Bergsteinn

Guðmundsson

Tónlist: Bjarni Frímánn Bjarnason

Leikgervi: Elin Sigríður Gísladóttir

Hljóð: Þórður Gunnar Þorvaldsson

Þýðing: Gunnar Þorri Pétursson

Jólasýning Borgarleikhússins var með seinna móti þetta leikárið. Frumsýningardagur Vanja frænda eftir Anton Tsjekhov, 11. janúar, er einnig afmælisdagur Leikfélags Reykjavíkur sem stofnað var þann dag árið 1897. Verkefnavalið er líka vel við hæfi því árið 1898 kom leikritið fyrst út á prenti og var frumsýnt í Moskvu ári seinna. Leikstjóri er Brynhildur Guðjónsdóttir sem sló eftirminnilega í gegn á síðasta ári. Gunnar Þorri Pétursson þýðir verkið.

Óþarfi er að tíunda í lengra máli söguþráð Vanja frænda enda skiptir sögufléttan minna máli en innra ferðalag karakteranna. Fáir höfundar geta komið mótsögnum manneskjunnar og baráttu hennar við lífið jafn vel til skila og meistari Tsjekhov. Lífið er auðvitað ekkert annað en tragikómédia krydduð með löngum þögnum. Þeir sem segja eitt og gera annað virðast komast á auðveldari máta í gegnum þetta blessaða líf heldur en þeir sem segja sína meiningu af einlægni. Vansældin sem fylgir því að vera til er stundum svo óbærileg að hún verður sármyndin. Ástin er auðvitað langfyndnasta grínið sem mannaveran tekur upp á að gera sjálfri sér.

Valur Freyr Einarsson sýnir afspyrnu finan leik í titilhlutverkinu, sem hinn djúpsærði og óhamingjusami Vanja frændi. Hokinn af bugun berst hann við óréttlæti



Leikritið er stórkostlegt og leikhópurinn stendur sig með þrýði, segir gagnrýnandi Fréttablaðsins um Vanja frænda í Þjóðleikhúsinu.

heimsins en allar tilraunir hans til að bæta eigin lífskjör virðast dæmdar til að mistakast. Valur Freyr opnar á öll skynfæri og leikur Vanja eins og hráa taug, útþanda og blöðuga, á eftirminnilegan máta. Vanja til halds og trausts er frænka hans Sonja, leikin af Katrínu Halldóru Sigurðardóttur. Texti og tungumál Tsjekhovs eiga einstaklega vel við Katrínu Halldóru sem túlkar þessa blöndu af von og ástársorg af mikilli næmni, svo ekki sé nú minnst á húmor.

Leiksigur Hilmis Snæs

Jelena er kannski aukapersóna í hjónabandi sínu við Aleksandr prófessor en hún er aðalpersóna óðalssetursins. Unnur Ösp Stefánsdóttir á mjög góða spretti, sérstaklega þegar Jelena gengst við tælingum Vanja og Astrovs. Hún nær þó betri tókum á gríninu frekar en alvörnni og líður fyrir leikstjórnina. Hilmir Snær Guðnason vinnur leiksigur sem hinn drykkfelldi en stórhuga læknir Astrov, sem vill bjarga

heiminum fyrir komandi kynslóðir en er fullkomlega ófær um að hugsa um neinn annan en sjálfan sig. List Hilmis Snæs er nefnilega sú að hann gerir aðra leikara betri með mót-leik sínum. Hér er á ferðinni leikur á heimsmæliskvarða sem einkennist af einstaklega góðri hlustun, líkamsbeitingu og skilningi á textanum.

Jóhann Sigurðarson leikur fyrrnefnda prófessor eins og ímyndunarveika kennslukonu á eftirlaunum, sem er vel og bráðfyndið. Halldór Gylfason leikur eignarlaus óðalsbóndann Teljegínilla, sem er alltaf ýtt til hliðar eins og illa gerðum hlut, með sakleysið og kímigáfuna að vopni. Sigrún Edda Björnsdóttir tynist því miður undir slæmu gervi og óskýrri afstöðu leikstjórans til hlutverksins. Margrét Helga Jóhannsdóttir rekur síðan lestina sem gamla föstran og sýnir að leikhæfileikar fölna seint.

Lýsingin er listaverk

Vanja frændi er annað leikstjóra-

verkefni Brynhildar Guðjónsdóttur sem eins og áður sagði sló eftirminnilega í gegn á síðasta leikári. Hér gerir hún tilraunir með textann og beinir samtölum karaktera oftast en ekki út í sal, þannig að áhorfendur eru ávarpaðir líkt og mannkynið allt sé tekið með í reikninginn. Tilraunir með að færa Astrov út í sal heppnast ekki vel, tákmyndir sveitalífsins ekki heldur og sviðshreyfingar Jelenu virðast sem úr öðru leikriti. Lífið snýst um tengingar manna á milli og stundum skortir þennan samleik líkt og leikararnir hafi ekki haldreipi til að gripa í. Af og til fæðast þó magnaðar senur sem virðast blossa upp en þyrfti að kynda betur til að kveikja undir allri sýningunni.

Búningahönnun Filippíu I. Elísdóttur er áferðarfögur sem endranær, þá sérstaklega búningur prófessorsins, en skortir skvettu af lit og lífi. Eins og ávallt er lýsing Björns Bergsteins Guðmundssonar listaverk út af fyrir sig. Fyrri hluta

sýningar endurspeglar lýsingin veurfarið en hinn seinni storminn sem geisar innra með íbúum óðalsins. Um tónlistina sér hinn hæfileikaríki Bjarni Frímánn Bjarnason en fyrir utan eitt stef, sem var þó magnað, er tónheimurinn ekki nægilega afgerandi. Svipaða sögu má segja um hljóðheim Þórðar Gunnars Þorvaldssonar.

Leikfélag Reykjavíkur hefur svo sannarlega breyst síðan 1897 en Vanja frændi eldist ekki. Við hlæjum kannski að raunum hans og samferðafólki en aldeilis ekki að Tsjekhov. Brynhildur heldur áfram að marka sér spor sem eftirtektarverður leikstjóri og edlilegt er að taka feilspor. Hún sýnir djörfung í verkefnavali og þrátt fyrir vankanta er hægt að mæla með Vanja frænda, enda er leikritið stórkostlegt og leikhópurinn stendur sig með þrýði. **Sigríður Jónsdóttir**

NIÐURSTAÐA: Hilmir Snær ber athyglisverða sýningu á herðum sér með heimsklassa leik.

Sigurveggarar stíga á svið með Sinfó

Á hverju ári fer fram keppni ungra einleikara sem Sinfóníuhljómsveit Íslands stendur fyrir í samvinnu við Listaháskóla Íslands. Fjórir ungir einleikarar báru sig úr bítum í keppninni í ár og stíga nú á stóra sviðið með Sinfóníuhljómsveit Íslands á tónleikum í Eldborg í Hörpu.

Sigurveggararnir í ár eru fjórir framúrskarandi einleikarar sem spila með hljómsveitinni fimmtudaginn 16. janúar. Sólveig Vaka Eypórsdóttir leikur fiðlukonsert nr. 1 eftir Max Bruch, Kristín Ýr Jónsdóttir flytur flautukonsert Jacques Ibert, Flemming Viðar Valmundsson spilar harmóníkukonsertinn Spur eftir Arne Nordheim og að lokum leikur Gunnar Kristinn Óskarsson trompetkonsert í As-dúr eftir Alexander Arutiunian.

Stjórnandi tónleikanna er hin finnska Anna-Maria Helsing, sem hefur stjórnað Sinfóníuhljómsveit Íslands margsinis áður við góðar



Sigurveggararnir fjórir leika með Sinfóníuhljómsveitinni á fimmtudag.

➤➤ **FJÓRIR UNGIR EINLEIKARAR BÁRU SIGUR ÚR BÍTUM Í KEPPNINI Í ÁR.**

undirtektir. Hún var aðalstjórnandi Sinfóníuhljómsveitarinnar í Oulu árin 2010-13 og varð þar með fyrsta konan til að gegna slíku starfi í Finnlandi. – kb

Góð ráð í Strætó:

Drykkir í vagninum

S **BESTA LEIÐIN**

20% 30% 40%

JANÚÁR

ÚTISÁLA

ÚTÞVÍSLO

Hamrar • Boruvelar • Bón- og massauelar • Fjölnotauekferi • Fræsarar • Heflar • Hersluvelar
 Hita- og limbyssur • Slípiuelar • Kittisgrindur • Koppafeitissprautur • Laserar • Mælitæki
 Hefti- og naglabyssur • Pressuuelar og klippur • Ryksugur • Sagir • Skrufuelar • Slípirokkar
 Útuörp • Vinkilskrufuelar • Garðuekferi • Verkfæraskápar • Topplykasett • Lyklar
 Heftibyssur og hnoðtangir • Kittisgrindur • Sagir • Skotlinur • Bíluekferi • Hamrar & Kúbein
 Skrufjárn og Sexkantar • Málningaruekferi • Mælitæki • Rörskerar • Skóflur • Hrifur • Járnkarlar
 Tangir • Toppar og bitar • Þvingur • Trésmíðauuekferi • Múruuekferi • Skrufstykki • Þjalir
 Borhamrar • Boruuelar • Bón- og massauelar • Fjölnotauekferi • Fræsarar • Heflar • Hersluuelar
 Hita- og limbyssur • Slípiuelar • Kittisgrindur • Koppafeitissprautur • Laserar • Mælitæki
 Hefti- og naglabyssur • Pressuuelar og klippur • Ryksugur • Sagir • Skrufuelar • Slípirokkar
 Útuörp • Vinkilskrufuelar • Garðuekferi • Verkfæraskápar • Topplykasett • Lyklar
 Heftibyssur og hnoðtangir • Kittisgrindur • Sagir • Skotlinur • Bíluekferi • Hamrar & Kúbein
 Skrufjárn og Sexkantar • Málningaruekferi • Mælitæki • Rörskerar • Skóflur • Hrifur
 Tangir • Toppar og bitar • Þvingur • Trésmíðauuekferi

VERKFERA
SALAN



Vefur um huldukonur

Vefurinn Huldukonur: Hinsegin kynverund kvenna á Íslandi fyrir 1960 – huldukonur.is var nýlega opnaður í húsnæði Samtakanna '78, Suðurgötu 3. Um er að ræða afrakstur heimildasöfnunarverkefnis sem sett var á laggirnar árið 2017 og miðar að því að afla og miðla heimildum um hinsegin kynverund kvenna á Íslandi fyrir tíma sjálfsmýndarpólitíkur á síðari hluta 20. aldar.

Vefnum er ætlað að vera upplýsingasíða fyrir áhugasaman almenning, upphafspunktur fyrir fræðimenn og nemendur sem leita heimilda og efnisveita fyrir kennara sem vilja fjalla um hinseginleika í sögu- og sagnfræðikennslu.

Verkefnið var unnið í samstarfi við Samtökin '78 og Kvennasögusafn og það er styrkt af Jafnréttissjóði Íslands, Þróunarsjóði námsgagna og Nýsköpunarsjóði námsmanna.

Vefurinn inniheldur afrakstur heimildasöfnunarverkefnisins Huldukonur. Hinsegin kynverund kvenna í íslenskum heimildum 1700-1960 en með umsjón þess fara Ásta Kristín Benediktsdóttir, Hafdís Erla Hafsteinsdóttir og Íris Ellenberger. Þær settu verkefnið á fót árið 2017 samhliða því að þær ritstýrðu bókinni Svo veistu að þú varst ekki hér: Hinsegin sagnfræði og hinsegin saga á Íslandi en í því útgáfufæri kom berlega í ljós að aðgengi að heimildum um hin-



Ásta Kristín Benediktsdóttir.

VEFNUM ER ÆTLAÐ AÐ VERA UPPLÝSINGASÍÐA FYRIR ÁHUGASAMAN ALMENNING, UPPHAFSPUNKTUR FYRIR FRÆÐIMENN OG NEMENDUR SEM LEITA HEIMILDA OG EFNISVEITA FYRIR KENNARA.

segin karla er mun auðveldara en að heimildum um hinseginleika fólks af öðrum kynjum. Til þess að bregðast við þessu ákváðu Íris, Hafdís og Ásta, í samstarfi við Samtökin '78 og Kvennasögusafn Íslands, að efna til sérstakrar rannsóknar sem miðaði að því að leita markvisst að heimildum um hinsegin kynverund kvenna og annars fólks sem litíð er á sem konur og gera þær aðgengilegar fyrir fræðimenn, nemendur og almenning. – kb



Gæði og glæsileiki endalaust úrval af hágæða flísum

Finndu okkur á facebook

Flísabúðin
Stórhöfða 21 | s: 545 5500 | flis.is

70

ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ

Þjóðleikhúsið auglýsir eftir samstarfsverkefnum

Þjóðleikhúsið auglýsir eftir hugmyndum að leiksýningum sem settar yrðu upp í samstarfi leikhússins við leikhópa, leikárið 2020-2021, í samræmi við 6. grein laga um sviðslistir, 2019.

Þjóðleikhúsið vill efna til frjós og skapandi samstarfs við leikhópa utan leikhússins, í þeim tilgangi að efla sviðslistir í landinu.

Umsóknnum skal skila fyrir 4. febrúar næstkomandi

Nánari upplýsingar má finna á heimasíðu Þjóðleikhússins, leikhusid.is

Þjóðleikhúsið · Hverfisgata 19 · 101 Reykjavík · s. 551 1200 · leikhusid.is



Sögurnar eru skrifaðar með fullorðna í huga og eru á einföldu máli, segir Karítas. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

Breiður tilfinningaskali

Bók eftir Karítas Hrundar Pálsdóttur. Fyrsta frumsamda skáldverkið ætlað þeim sem læra íslensku sem annað mál.

Karítas Hrundar Pálsdóttir er höfundur bókarinnar Árstíðir: Sögur á einföldu máli, sem Una útgáfuhús gefur út.

Bókin er fyrsta frumsamda skáldverkið sem ætlað er þeim sem læra íslensku sem annað mál. Eliza Reid forsetafrú ritaði formála að bókinni.

„Hugmyndin kviknaði þegar ég var að læra japönsku við Waseda-háskóla í Tókýó sem hluta af BAnámi mínu í Háskóla Íslands. Í framhaldinu fór ég að skoða hvaða efni er verið að nota til að kenna íslensku sem annað mál. Mér fannst vanta fleiri léttlestrartexta og ákvæð að gera þessa bók,“ segir Karítas.

Sögurnar í bókinni eru 101. „Ég reyndi að hafa sögurnar eins fjölbreytilegar og mögulegt var, enda eru þeir sem læra íslensku fjölbreyttur hópur á ólíkum aldri. Sögurnar eru skrifaðar með fullorðna í huga og eru á einföldu máli. Þær eru mislangar, flestar eru á bilinu 100-300 orð en sú stysta er 35 orð og sú lengsta 500 orð.“

ÉG REYNDI AÐ HAFA SÖGURNAR EINS FJÖLBREYTILEGAR OG MÖGULEGT VAR, ENDA ERU ÞEIR SEM LÆRA ÍSLENSKU FJÖLBREYTTUR HÓPUR Á ÓLÍKUM ALDRI.

Flokkað eftir getustigi

Karítas flokkaði sögurnar eftir getustigi í samráði við sérfræðinga, leiðbeinendur sína við Háskóla Íslands, og í viðauka bókarinnar er að finna margs konar fróðleik um land og þjóð. „Einföldustu sögurnar fjalla um daglegt líf. Erfiðustu sögurnar vísa aftur á móti í fræga Íslendinga eða atburði úr sögu landsins og eru því sértækari. Ein af erfiðustu sögunum fjallar til dæmis um Tyrkjaránið,“ segir Karítas. „Ég sóttist eftir að hafa breiðan tilfinningaskala í sögunum. Þarna eru sorglegar sögur, um ástarsorg og dauða ástvina. Líka nokkrir

leikþættir sem eru samtöl og svo eru myndar sögur sem byggja á orðaleikjum. Sögunum er skipt í fjóra flokka eftir árstíðum: sumar, haust, vetur og vor. Margar hafa beinar skírskotanir til árstíðanna og kannski helst birtunnar af því að hún einkennir árstíðirnar á Íslandi.“

Hvatning til að lesa meira

Nokkrar sögur úr bókinni verða kenndar í Háskóla Íslands í hagnýtu námi fyrir þá sem læra íslensku sem annað mál nú á vormisseri. „Sögurnar eru hentugar til kennslu, bæði til að skapa umræður og tilfinningu fyrir setningagerð, auk þess sem þær auka orðaforða. Þær ættu líka að henta til yndislestrar. Ósk mín er að þær verði lesendum hvatning til að lesa meira,“ segir Karítas.


Þetta er fyrsta bók Karítasar en sögur eftir hana hafa birst í tímaritum og smásagnasafninu Það er alltaf eitthvað, sem Una útgáfuhús gaf út á síðasta ári. Óhætt er að fullyrða að fleiri verk eftir Karítas eigi eftir að koma út í nánustu framtíð. „Ég er rétt að byrja,“ segir hún og brosir. kolbrunb@frettabladid.is

Norrænir kvenleikstjórar

Kvikmyndadagarnir Nordisk Film Fokus verða haldnir dagana 17.-18. janúar og að þessu sinni í samstarfi við Reykjavík Feminist Film Festival.

Fritt er inn á allar myndir og viðburði Nordisk Film Fokus. Frímiðar eru aðgengilegir á tix.is og á vef Norræna hússins. Dagskrá má finna á nordichouse.is/event/nordisk-film-fokus/.

Dagskráin í Norræna húsinu setur fókussinn á norræna kvenleikstjóra og sjálfmynd sem viðfangsefni. Sýndar verða nýlegar, norrænar kvikmyndir og boðið upp á umræður við leikstjóra myndanna og aðra fulltrúa þeirra. Á meðal mynda má nefna heimsfrumsýningu á færæysku myndinni Ábyrgd eftir Katrin Joensen-Næs og dönsku verðlaunamyndina Dronningen (Queen of



Úr færæysku myndinni Ábyrgd sem verður heimsfrumsýnd hér á landi.

Hearts) eftir leikstjóran May el-Toukhy. Myndin hlaut kvikmynda-verðlaun Norðurlandaráðs 2019 og áhorfendaverðlaun á Sundance-kvikmyndahátíðinni 2019.

Sérstakir gestir hátíðarinnar eru:

Katrin Joensen-Næs, leikstjóri Ábyrgd (Færeysjar). Satu-Tuuli Karhu, ein aðalleikkonan í Marian paratiisi (Finnland) og Pipaluk Kreutzmann Jørgensen, leikstjóri Anori (Grænland). – kb



MIÐVIKUDAGA

Heimsókn

Einn af vinsælustu þáttum Stöðvar 2, Heimsókn snýr aftur á Stöð 2. Sindri Sindrason lýtur inn hjá íslenskum fagurkerum, sem hafa einstakan áhuga fyrir heimili sínu og húsmunum.

stod2.is 1817

DAGSKRÁ

Miðvikudagur

HRINGBRAUT

20.00 **Kliníkin** Í þáttunum fylgir Helga María Guðmundsdóttir konum í gegnum ferlið á fegrunaraðgerðum hjá Kára Knúts – atriði í þættinum geta valdið óhug viðkvæmra áhorfenda.

20.30 **Viðskipti með Jóni G.** Í viðskiptaþættinum með Jóni G. Haukssyni er rýnt í verslun og viðskipti landsmanna með aðstoð sérfræðinga og stjórnenda úr atvinnulífinu.

21.00 **Fréttapáttur á miðvikudegi** 21 er kröftugur frétt- og umræðupáttur á Hringbraut í umsjón Sigmundar Ernís Rúnarssonar. Í 21 koma viðmælendur víða að og þar verða sagðar sögur og fréttir dagsins í dag kryfjaðar.

21.30 **Saga og samfélag** Nýr þáttur þar sem málefni liðandi stundar verða rædd í sögulegu samhengi og vikið að nýjustu rannsóknum fræðimanna á margvíslegum sviðum.

RÚV SJÓNVARP

12.35 **Kastljós**
12.50 **Menningin**
13.00 **Gettu betur 1991 Úrslit.** MH - FB

13.40 **Mósaik**
14.30 **Á tali hjá Hemma Gunn** 1990-1991

15.45 **Persónur og leikendu** Herdís Þorvaldsdóttir
16.25 **Táknálsfréttir**

16.35 **EM stofan** Umfjöllun um leiki dagsins á EM karla í handbolta.

17.05 **Ísland - Ungverjaland** Bein útsending frá leik á EM karla í handbolta.

18.45 **EM stofan** Umfjöllun um leiki dagsins á EM karla í handbolta.

19.10 **Fréttir**
19.35 **Íþróttir**
19.40 **Veður**
19.45 **Kastljós**

20.00 **Menningin**
20.10 **Vikingslotto**
20.20 **Hver stund með þér** Íslensk heimildarmynd um Ólaf Björn Guðmundsson, sem orti ástarljóð til konu sinnar, Elínar Magnúsdóttur, á 60 ára tímabili.

21.05 **Skytturnar The Musketeers**

22.00 **Tiufréttir**
22.15 **Veður**
22.20 **EM stofan** Umfjöllun um leiki dagsins á EM karla í handbolta.

22.45 **Louis Theroux - Takmarkalaus ást Louis Theroux's Altered**
23.45 **Alzheimer. Í leit að lækningu Horizon. Curing Alzheimer's** Heimildarþáttur frá BBC um framfarir á sviði alzheimer-rannsóknna. Í þættinum er meðal annars fjallað um tækninýjungar sem gera vísindamönnum kleift að greina sjúkdóminn mun fyrr en áður og um framfarir í lyfjapróun. e.

00.35 **Dagskrárlök**

GOLFSTÖÐIN

08.00 **South African Open** Útsending frá South African Open.
13.00 **South African Open**
18.00 **Inside the PGA** Skyggst á bak við tjöldin í PGA mótaröðinni.
18.25 **Sony Open in Hawaii** Útsending frá Sony Open in Hawaii.
22.25 **South African Open** Útsending frá South African Open.
03.30 **Abu Dhabi HSBC Championship** Bein útsending frá Abu Dhabi HSBC Championship.

ÚTVARP

FM 88,5 XA-Rádió
FM 89,5 Retro
FM 90,1 Rás 2

FM 90,9 Gullbylgjan
FM 93,5 Rás 1
FM 95,7 FM957

SJÓNVARP SÍMANS

06.00 **Síminn + Spotify**
08.00 **Dr. Phil**
08.45 **The Late Late Show**
09.30 **Síminn + Spotify**
12.00 **Everybody Loves Raymond**
12.20 **The King of Queens**
12.40 **How I Met Your Mother**
13.05 **Dr. Phil**
13.50 **Trúnó**
14.25 **Lifum lengur**
15.00 **George Clarke's Old House, New Home**
16.00 **Malcolm in the Middle**
16.20 **Everybody Loves Raymond**
16.45 **The King of Queens**
17.05 **How I Met Your Mother**
17.30 **Dr. Phil**
18.15 **The Late Late Show**
19.00 **The Good Place**
19.45 **Life in Pieces**
20.10 **BH90210**
21.00 **Chicago Med**
21.50 **New Amsterdam**
22.35 **Jägarna**
23.20 **The Late Late Show**
00.05 **NCIS**
00.50 **9-1-1** Dramatísk þáttaröð um fólkið sem sent er á vettvang þegar hringt er í neyðarlínuna.
01.35 **Emergence**
02.20 **Det som göms í snö**
03.05 **Síminn + Spotify**

RÚV RÁS EITT

06.45 **Morgunbæn og orð dagsins**
06.50 **Morgunvaktin**
07.00 **Fréttir**
07.30 **Fréttayfirlit**
08.00 **Morgunfréttir**
08.30 **Fréttayfirlit**
09.00 **Fréttir**
09.05 **Segðu mér**
09.45 **Morgunhugleiðsla**
10.00 **Fréttir**
10.03 **Veðurfregnir**
10.13 **Á reki með KK**
11.00 **Fréttir**
11.03 **Mannlegi þátturinn**
12.00 **Fréttir**
12.02 **Hádegisútlit**
12.20 **Hádegisfréttir**
12.40 **Veðurfregnir**
12.50 **Dánarfregnir**
12.55 **Samfélagið**
14.00 **Fréttir**
14.03 **Tónlist frá A til Ö**
15.00 **Fréttir**
15.03 **Samtal**
16.00 **Siðdegisfréttir**
16.05 **Viðsjá**
17.00 **Fréttir**
17.03 **Lestin**
18.00 **Spegillinn**
18.30 **Stormsker**
18.50 **Veðurfregnir**
19.00 **Endurómur úr Evrópu**
20.35 **Mannlegi þátturinn**
21.30 **Kvöldsagan. Hjartastaður Þriðji lestur**
22.00 **Fréttir**
22.05 **Veðurfregnir**
22.10 **Samfélagið**
23.05 **Lestin**
00.00 **Fréttir**
00.05 **Næturútlit Rásar 1**

STÖÐ 2 BÍÓ

12.05 **Middle School. The Worst Years of My Life**
13.40 **Batman and Harley Quinn**
14.55 **Going in Style**
16.30 **Middle School. The Worst Years of My Life**
18.05 **Batman and Harley Quinn**
19.20 **Going in Style**
21.00 **Pacific Rim. Uprising**
22.50 **Secret In Their Eyes**
00.40 **Silence**
03.15 **Pacific Rim. Uprising**

STÖÐ 2

08.00 **Friends**
08.20 **Gilmore Girls**
09.05 **Bold and the Beautiful**
09.25 **Gossip Girl**
10.10 **Mom**
10.30 **I Feel Bad**
10.55 **The Good Doctor**
11.45 **Bomban**
12.35 **Nágrannar**
13.00 **Strictly Come Dancing**
14.25 **Strictly Come Dancing**
15.10 **Grand Designs**
16.00 **Falleg íslensk heimili**
16.35 **GYM**
17.05 **Dýraspítallinn** Önnur þáttaröð þessara vinsælu þátta í umsjón Heimis Karlssonar. Dýraspítallinn er áhugaverður þáttur þar sem fylgst er með dýralæknum leysa hin ýmsu vandamál sem upp koma hjá fjölskylduvinum okkar þar sem baráttan er stundum upp á líf og dauða.
17.43 **Bold and the Beautiful**
18.03 **Nágrannar**
18.28 **Veður**
18.30 **Fréttir Stöðvar 2**
18.47 **Sportpakinn**
18.55 **Ísland í dag**
19.05 **Vikingslotto**
19.10 **Heimsókn**
19.35 **First Dates**
20.25 **Ultimate Veg Jamie**
21.10 **Meat. A Threat to Our Planet**
22.10 **Orange is the New Black**
23.00 **The Blacklist**
23.45 **NCIS**
00.30 **Magnus P.I.**
01.15 **A Confession**
02.00 **A Confession**
02.45 **A Confession**

STÖÐ 3

19.10 **The New Girl**
19.35 **Fresh Off The Boat**
20.00 **Friends**
20.25 **Seinfeld**
20.50 **Splitting Up Together**
21.15 **Arrow**
22.00 **Mrs. Fletcher**
22.30 **Gasmamman**
23.15 **The New Girl**
23.40 **Fresh Off The Boat** Gamanþættir um taivanska fjölskyldu sem flytur til Ameríku á tíunda áratugnum og freistar þess að upplifa ameríska drauminn.
00.05 **Friends**
00.30 **Seinfeld**
00.55 **Tónlist**

STÖÐ 2 SPORT

08.05 **Cardiff - Swansea** Útsending frá leik í ensku 1. deildinni.
09.45 **Football League Show** Sýndar svipmyndir úr leikjunum í ensku 1. deildinni.
10.15 **Sampdoria - Brescia** Útsending frá leik í ítölsku úrvalsdeildinni.
11.55 **Roma - Juventus** Útsending frá leik í ítölsku úrvalsdeildinni.
13.35 **Liverpool - Everton** Útsending frá leik í ensku bikarkeppinni.
15.15 **Ensku bikarmörkin**
15.45 **Tindastóll - Njarðvík** Útsending frá leik í Domino's-deild karla.
17.25 **Dominos Körfuboltakvöld karla** Leikirnir í Domino's-deildinni gerðir upp.
19.05 **Haukar - Keflavík** Bein útsending frá leik í Domino's-deild kvenna.
21.15 **Kansas City Chiefs - Houston Texans** Útsending frá leik Kansas City Chiefs og Houston Texans í undanúrslitum NFL.
23.35 **Arsenal - Leeds** Útsending frá leik í ensku bikarkeppinni.



www.husgagnahollin.is

Allt að

60%
afsláttur



HÚSGAGNA
HÖLLIN

www.husgagnahollin.is

Sími: 558 1100

HVER VANN?

Sportíð á fréttablaðið.is færir þér allar nýjust fréttirnar úr heimi íþróttanna.



Ekki missa af neinu, fylgdu Fréttablaðinu á Facebook




Atvinnublaðið

— Mest lesna atvinnublað Íslands —

89%

Með því að auglýsa í Atvinnublaðinu nær þitt fyrirtæki til **89%** lesenda dagblaða* á höfuðborgarsvæðinu.



Beinn sími: 550 5625

Sölufulltrúar:

Hrannar Helgason, hrannar@frettabladid.is

Viðar Ingi Pétursson, vip@frettabladid.is



*Fréttablaðið og Morgunblaðið

Heimild: Prentmæling Gallup, jan. - jún. 2019. Lesendur dagblaða á Höfuðborgarsvæðið á aldrinum 18-49 ára.



Þegar Harry var lítill prins skók skilnaður foreldra hans Buckinghamhöll þannig að hrikta í konunglegum stöðunum. Nú er það hins vegar ástin sem setur allt þar á hvolf. NORDICPHOTOS/GETTY



Diana prinsessa af Wales

Harry fetar nú, með stuðningi Meghan sinnar, svipaða braut og móðir hans, Diana prinsessa af Wales, sem barðist með kjafti og klóm fyrir tilfinningalegu svigrúmi frá oki Windsor-fjölskyldunnar.

Papparassar og slefberar gulu pressunnar, sem nú sleikja út um og Harry kennir um dauða móður sinnar, réðu sér ekki heldur fyrir kæti þegar Diana sneri, með skilnaðinum við Kalla prins, baki við öllum konunglegum skyldum og kastaði hinu tilkomumikla „hennar konunglega hátign“. Þar sem hún varð, í ágúst 1996, formlega fráskilin tveggja prinsa móðir fékk hún að halda nafnbótinni „prinsessan af Wales“, ásamt 17 milljón punda eingreiðslu, vænum meðlagsgreiðslum og íbúð í Kensingtonhöll.



Filippus prins

Afi Harrys, eiginmaður Elisabetar drottningar, Filippus prins, hertogi af Edinborg, er að sögn hundfúll út í Harry fyrir litilsvirðinguna sem hann telur þau Meghan sýna stórfjölskyldunni. Filippus hefur þó sjálfur afsalað sér konunglegum



Sjálfstætt kóngafólk

Harry prins er enn vandræðabarn þótt hann sé löngu vaxinn upp úr nasistagrímubúningnum sínum og nú nötrar Buckinghamhöll þótt þau Meghan Markle séu ekki þau fyrstu til að slengja blautri almúgatusku framan í drottninguna ömmu hans.

Þórarinn Þórarinnsson
thorarinn@frettabladid.is



fyrir fordæmalitla og fyrirvaralaus ákvörðun um að afsala sér öllum konunglegum skyldum og flytja búferlum til Kanada.

Uppákomana er vissulega söguleg en þótt fáheyrta sé að venslafólk Elisabetar II kasti frá sér titlum og konunglegum fjársjóði eru hjónin ungu engir brautryðjendur.

Drottningunni, ömmu Harrys, er ekki skemmt og ljóst að þótt sonarsonurinn hafi í gegnum árin verið

til ýmiss konar vandræða þá þykir þessi ákvörðun jafnvel verri við hirðina en þegar hann spókaði sig í nasistabúningi. Ömmu þykir því greinilega skömminni skárna að sitja uppi með drenginn heldur en að horfa á hann hverfa með Meghan sinni í gráan, hversdagsleika almúgans.

Þá vitleysu á ungi maðurinn sem áður var þekktur sem prins ekki mjög langt að sækja.

titlum, að vísu svo hann mætti öðlast enn flottari nafnbætur. Hann fæddist inn í grísku og dönsku konungsfjölskyldurnar en til þess að geta kvænst ríkisarfanum breska afsalaði hann sér öllu þrjáli þaðan, gerðist breskur ríkisborgari með ættarnafnið Mountbatten og fékk í bónus að vera hvorki meira né minna en barón af Greenwich, jarl af Merioneth og hertogi af Edinborg.

Mikill vill þó oft meira og Filippus linnti ekki látum fyrr en hann fékk líka að verða prins árið 1957.



Játvarður áttundi

Segja má að vandræði hertoga-hjónanna Meghan og Harrys hafi byrjað löngu áður en þau komu til sögunnar, þann 11. desember 1936 þegar Játvarður VIII afsalaði sér konungdómi í nafni ástarinnar eftir aðeins 326 daga í hásetinu. Þá tók langafi Harrys við krúnunni og amma hans Elisabet varð ríkisarfi með öllum meðfylgjandi ósköpum sem Harry og Meghan hafa nú afþakkað.

Játvarður er eini breski þjóðhöfðinginn sem hefur stigið niður með þessum hætti, en þótt Harry verði seint kóngur klár er margt líkt með skyldum. Játvarður varð ástfanginn af fráskilinni, bandarískri almúgakonu, Wallis Simpson, sem í ofanálag þurfti að fá skilnað frá öðrum eiginmanni sínum til þess að geta giftst Játvarði.

Hjónabandið var því í raun guðdómlegur ómöguleiki þar sem konungurinn var einnig verndari Englandskirkju sem var og er minna í því að blessa hjónaskilnaði. Stjórnvöld gerðu Játvarði því grein fyrir því að hann yrði að kasta frá sér krúnunni til þess að fá notið ásta Wallis. Það gerði hann og þau skötu-hjú voru saman upp frá því þar til dauðinn aðskildi þau 1972 þegar Játvarður kvaddi þennan heim.



Harry litli í örmum móður sinnar og rétt eins og hún er hann með storminn frá Buckinghamhöll í fangið af slíku afli að appelsínugul viðvörun á við.



Filippus lét sig ekkert muna um að kasta grískum og dönskum titlum þegar hann kvæntist Elísabetu.



Ástin ær hirðina. Wallis Simpson og Meghan eiga ýmsilegt sameiginlegt.



Er frelsið yndislegt? Meghan á spjalli við Önnu prinsessu.



Harry og Meghan fundu ekki upp hjólið sem þau ætla að rúlla á til Kanada.



Pétur og Zara Önnubörn

Anna, systir þeirra Karls og Andrésar, þykir jarðbundnasti meðlimur konungsfjölskyldunnar og kaus ung að lifa lífi sínu utan sviðsljöss konungdæmisins. Sama á við um börnin hennar tvö, Pétur og Zöru, sem hún eignaðist með þáverandi eiginmanni sínum, Mark Philips.

Þótt Pétur, fæddur 1977, sé elsta barnabarn drottningar og Zara fyrsta ömmustelpa, fædd 1981, bera systkinin enga titla. Karllægt stígveldi krúnunnar gerir ekki ráð fyrir að börn prinsessa fái sjálfkrafa titla en Elísabet bauð þessum barnabörnum sínum engu að síður opinbera titla.

Foreldrarnir afþökkuðu gott boð sem á sínum tíma þótti býsna djarft spilað þegar þau sögðust vilja skapa börnunum eins eðlilegt líf og mögulegt væri. Mörgum árum síðar lét Zara hafa eftir sér að hún teldi sig heppna og hún væri þakklát fyrir að bera ekki titil eftir að hafa horft upp á hversu ófrjálsir frændur hennar, Vilhjálmur og Harry, eru í raun og veru.

Pétur var fyrsta skilgetna konunglega barnabarnið í yfir 500 ár til að fæðast án titils en hefur spjarað sig ágætlega. Zara, systir hans, hefur svo öðlast frægð á eigin forsendum sem hæfileikarík knapi og vann til silfurverðlauna sem slíkur á Ólympíuleikunum 2012 og hlaut MBA-orðu fyrir afrek sín íþróttinni sem einmitt er Elísabetu, ömmu hennar, afar hugleikin.



Andrés prins

Karl, faðir Harrys, er elstur fjögurra barna þeirra Elísabetar II og Filippusar prins. Einkadóttirin Anna er næstelst og Játvarður yngstur. Þau hafa látið lítið fyrir sér fara í gegnum tíðina ólíkt bróðurnum á milli þeirra, vandræðamanninum Andrésí prins sem var undir lok síðasta árs beinlínis þvingaður til þess að gera það sem Harry, litli frændi hans, þræði svo heitt og gerði nokkrum vikum síðar.

Skandalaannáll Andrésar er áratugalangur og hann hefur ítrekað skapraunað mömmu sinni og hleypt öllu í háaloft í höllinni. Þaninn mælirinn fylltist loks og sprakk í fyrra þegar samkrull hans og barnaniðingsins og auðjöfursins Jeffreys Epstein varð lýðnum svo augljóst að hirðin gat ekki horft lengur fram hjá því ógeði öllu saman.

Sjálfum sér samkvæmur gerði Andrés illt verra þegar hann reyndi að þræta fyrir vafasamar heimsóknir sínar til Epsteins og kynferðislega misnotkun stúlkna undir lögaldri með undarlega starfsemi svitakirtla sinna sem helstu fjarvistarsönnunina.

Mömmu, Karli bróður hans og kaldlynda gamalmenninu Filippusi prins var þá öllum lokið og eftir fund með Andrésí var hann beðinn um að láta sig hverfa. Síðan þá segir fátt af honum þótt engin hætta sé á að hann sé með öllu úr sögunni. Ekkert frekar en Harry frændi.

Birting viðauka við grunnlýsingu

Útgefandi: Lykill fjármögnun hf., kt. 621101-2420, Ármúla 1, 108 Reykjavík.

Lykill fjármögnun hf. hefur birt viðauka dagsettan 08.01.2020 við grunnlýsingu fyrir útgáfuramma. Grunnlýsingin er dagsett þann 20.12.2018, viðaukinn og endanlegir skilmálar skuldaskjalanna eru gefnir út á íslensku.

Grunnlýsingin og viðaukinn hafa verið staðfest af Fjármálaeftirlitinu í samræmi við ákvæði laga nr. 108/2007 um verðbréfavíðskipti.

Nánari upplýsingar um grunnlýsinguna, viðauka við hana og endanlega skilmála útgefina skuldaskjala má nálgast hjá útgefanda að Ármúla 1, 108 Reykjavík, eða á vefsíðu hans

<https://www.lykill.is/starfsemi/fjarfestatengsl/>.

Reykjavík, 13. janúar 2020,

Lykill fjármögnun hf.

 **Lykill**
fjármögnun

Röddin breyttist á meðgöngu

Tónlistarkonan **Elin Ey** gaf út á dögnum EP-plötuna *Gone*. Lögin samdi hún yfir nokkurra ára tímabil en bróðir hennar vann þau svo með henni. Hún segist hafa vitað frá æsku að hana langaði til að verða tónlistarkona og söng við Celine Dion.

Platan er fimm laga EP-plata og heitir *Gone*, lögin eru samin á margra ára tímabili og koma í raun úr ólíkum áttum. Tónlistin er frekar frábrugðin því sem ég hef áður gefið út, meira í átt að RnB en aðeins tregafyllra. Ég samdi lögin á þessari plötu á píanó en áður hef ég alltaf samið á gítar. Eyþór bróðir minn kemur svo og byggir upp lögin og býr til hljóðheim. Sá hljóðheimur er einhvern veginn alltaf nákvæmlega það sem að ég heyrir fyrir mér. Hann spilar svo líka inn hljóðfæri og syngur," segir Elin.

Hún segir samstarf þeirra systkina alltaf ganga mjög vel, lítið sé um orðaskipti því tónlistin tali sínu máli.

„Þetta er í raun besta samstarf sem ég átt, þetta kemur mjög náttúrulega til okkar. Fólk vill meina að við séum mjög lík útlitslega. Mér finnst við oft mjög líkir karakterar líka en svo erum við líka mjög ólík á mörgum sviðum. Hann til dæmi elskar fótbolta, sem ég geri ekki," segir Elin brosandí.

Pabbi spilar á plötunni

Foreldrar Elinar og Eyþórs eru tónlistarfólkið Ellen Kristjánsdóttir og Eyþór Gunnarsson.

„Ég myndi frekar segja að við höfum fengið tónlistarmannalegt uppeldi frekar en tónlistarlegt uppeldi. Tónlistin var bara þarna, við vorum mikið á hljóðprufum og æfingum með mömmu og pabba. Svo vorum við baksviðs á tónleikum, þannig að við höfum alltaf verið umkringd tónlist. Hins vegar heldur fólk oft að tónlist sé mikið spiluð á heimilinu og að við syng-

ÉG VISSI ÞAÐ FREKAR UNG, JÁ, TEIKNADI SJÁLFSMYND AF MÉR Á SVIÐI AÐ SYNGJA ÞEGAR ÉG VAR FIMM, SEX ÁRA. SVO TÓKU VIÐ STANSLAUSAR ÆFINGAR VIÐ ALLAR PLÖTUR CELINE DION.

um hástöfum á öllum hátíðum ársins, en svo er ekki. Við tölum hins vegar mjög mikið og hátt," segir Elin og hlær.


„Pabbi spilar svo af sinni alkunna snilld á píanó og syntha í flestum lögum og hjálpaði okkur með ýmislegt. Beta systir mín syngur raddir og svo eru nokkrir aðrir snillingar sem koma aðeins að plötunni. Eitt lagið var tekið upp hjá Kidda úr Hjalmmum. Tónlistarmaðurinn Ásgeir Trausti hans spilaði aðeins inn á lagið, þar sem hann var sjálfur að vinna í stúdíóinu.“ Það var svo Friðfinnur Sigurðsson sem hljóðblandaði og mixaði plötuna.

Æfði sig við Celine Dion

Elin segist hafa mjög ung vitað að hana langaði að vera tónlistarkona.

„Ég vissi það frekar ung, já, teiknaði sjálfsmynd af mér á sviði að syngja þegar ég var fimm, sex ára. Svo tóku við stanslausar æfingar við allar plötur Celine Dion. Ég get í raun ekki ímyndað mér að vera neitt annað," segir Elin.

Á síðasta ári eignaðist Elin sitt fyrsta barn með unnustu sinni. En finnst henni móðurhlutverkið



Systkinin Eyþór og Elin ná mjög vel saman í tónlistinni en Eyþór hefur meiri áhuga á fótbolta. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR



Plötuna *Gone* er hægt að nálgast á öllum helstu streymisveitum.

hafa haft áhrif á tónlistargerðina og stílinn?

„Nokkur lögin eru samin og tekin upp á meðan á meðgöngunni stóð. Ég tók eftir því að röddin mín var betri á meðan ég var ólétt. Mér finnst stíllinn ekkert sérstaklega breyttur en það gæti vel verið að

ég heyrir það eftir á. Hins vegar eru áherslur mínar allt aðrar yfir höfuð. Allt sem ég geri núna er fyrir hann, svo að já það hefur áhrif á allt og þar á meðal tónlistina.“

En hvert væri draumasamstarfið? „Það eru í raun margir sem koma til greina. Þá helst uppáhalds tón-

listarfólkið mitt. Núna væri ég mjög til í að vinna með Sam Smith, Charlotte Day Wilson, Harry Styles, Miley Cyrus, Dolly Parton og Peter Gabriel.“

Stúdíó með útsýni

Hún segist enn finna fyrir stressi þegar hún kemur fram, en ekki alltaf. „Mér finnst mjög gaman að spila, já. Verð oft stressuð og stundum ekkert stressuð, ég veit í raun og veru ekki hvað skilur á milli en held það sé bara gott að vera áfram stressaður, þá er þetta enn þá spennandi," segir hún.

Nú er Elin á fullu að setja saman band og ætlar að vera með útgáfutónleika von bráðar.

„Svo er draumurinn bara að þroskast og halda áfram að bæta mig í tónlistinni og lífinu. Mig langar að verða besta útgáfan af sjálfri mér, giftast konunni minni og eignast þrjú börn í viðbót. Vonandi eignast hús og stúdíó með útsýni yfir strönd og með gestahús fyrir alla fjölskylduna okkar.“

Gone er hægt að nálgast á öllum helstu streymisveitum.

steingerdur@frettabladid.is

DOMINO'S DEILDIN

HAUKAR vs **KEFLAVÍK**

Í KVÖLD KL. 19:05

SPORT

Tryggðu þér áskrift stod2.is | 1817

KFC

Í ÍPRÓTTAFÖTUM

ÞÚ VELUR EINA FÖTU OG SÓSA FYLGIR MEÐ TIL AÐ DÝFA Í

★ 8 ORIGINAL LUNDIR ★ 10 ORIGINAL LEGGIR ★ 20 HOT WINGS

2.590 kr.

MYNDAÐU ÞIG MEÐ FÖTU
#KFCM
OG ÞÚ GÆTIR UNNIÐ FÖTU





Fjórblöðungur
Fjarðarkaupa
fylgir blaðinu í dag!



BAKÞANKAR

Davíðs
Þorlákssonar



Verðtryggð verðbólga

Það eru ekki bara jólasveinar sem láta til sín taka í árslok. Stjórnálamenn mæta með árlegar hækkanir á ýmsum gjöldum. Hækkanirnar eru yfirleitt sagðar vera í samræmi við verðbólgu. Mikilvægt er að gera greinarmun á þjónustugjöldum annars vegar og sköttum hins vegar. Þjónustugjöld eru innheimt sem endurgjald fyrir veitta þjónustu og eiga að endurspegla kostnaðinn við að veita hana á meðan ekkert endurgjald kemur fyrir skatta.

Þjónustugjöld eru því góð því þau leiða til þess að þeir sem fá þjónustu borgi fyrir hana í stað skattgreiðenda. Þó er brýnt að passa að ef um nauðsynlega þjónustu er að ræða, eins og heilbrigðisþjónustu, þá verði hún ekki svo dýr að fólk þurfi að neita sér um hana. Það er hins vegar ekkert lögmál að kostnaður hins opinbera við að veita þjónustu hækki í linulegu sambandi við verðbólgu. Fólk og fyrirtæki ættu því að vera á varðbergi og ganga úr skugga um að þjónustugjöld séu ekki hærrí en kostnaðurinn við að veita þjónustuna.

Hvað varðar skatta sem ákveðnir eru í krónum og hækkaðir eru árlega, eins og gjöld á áfengi og tóbak, er hins vegar engin þörf á slíkum hækkunum. Litlir sérskattar flækja skattkerfið, eru hlutfallslega dýrir í innheimtu og skila því litlu. Það er því ekkert að því að leyfa verðbólgu að éta þá upp með því að hækka þá ekki. Stóra spurningin er síðan hvort kom á undan verðbólgan eða verðhækkunin? Gjald sem er hækkað með vísan til verðbólgu leiðir svo aftur óhjákvæmlega til verðbólgu.



Bachelorinn er byrjaður

Hver fær rós? Hver fer heim? Flugmaðurinn Peter Weber eða Pilot Pete leitar að ástinni í nýrri þáttaröð af The Bachelor. Nýr þáttur kemur í **Sjónvarp Símans Premium** í hverri viku eftir frumsýningu vestanhafs.

The
BACHELOR




siminn.is

FYRIR SVANGA
FERÐALANGA

Kvikk
ON THE GO

VÁ VERÐ

GÓU
RISAHRAUN
50 G
99
KR/STK
1980 KR/KG



Kvikk
ON THE GO

